

Fjölskyldan í forgang

Bls. 6

Námsstyrkur

Bls. 18

Drífið ykkur í skólann

Bls. 24

Í sviðsljósið

Bls. 26

Alþjóðavæðingin

Bls. 45

Eyðir í sjálfa sig

Bls. 65

Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Fjola Jónsdóttir
Gardar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hildur Kjartansdóttir
Hjálmarfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sigríður Ólafsdóttir
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Viktória Jensdóttir
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elin Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjósson

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Forsíðumynd

Þorfinnur Sigurgeirsson

Aðsetur

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtu-
dag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikn-
ing viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendir: 510 7511

Nú er lag!

Það hefur ekki farið fram hjá félagsmönnum Eflingar að rauðu strikin héldu og gott betur. Verðbólgan miðað við 12 mánaða tímabil er nú 2,8 % og flest bendir til að hún geti lækkað enn frekar. Ljóst er að þakka má forystu Alþýðusambandsins og stéttarfélaganna á almenna markaðnum fyrir að það tókst að snúa af þeirri óheillabraut í efnahagsmálum sem allt efnahagskerfið var fast í. Breytingin hefur skipt sköpum fyrir launafólk og fyrirtæki.

Því miður hafa ekki allir sem geta haft veigamikil áhrif á verðþróun, verið tilbúnir í slaginn við verðbólguna. Þar hafa nokkur stórfyrirtæki skorist úr leik s.s. Landssíminn. Það vekur einnig óneitanlega athygli hvernig Seðlabankinn tregðast við að lækka vexti en veltir sér nú upp úr vel heppnaðri peningastefnu og þakkar sér góðan árangur í efnahagsmálum.

Því miður ber annan skugga á. Í sumar höfum við verið að sjá hækkandi atvinnuleysisstölur. Nú í lok ágúst eru um 3.700 manns atvinnulausir á landinu öllu og hér á höfuðborgarsvæðinu um 2.700 án atvinnu. Þetta eru allt of háar tölur. Þessu verður að linna. Það er engin afsökun lengur fyrir Seðlabankann að tregðast við og lækka vexti. Nú er lag. Þar með væru send mjög ákveðin skilaboð til atvinnulífsins um að viðsnúningurinn í atvinnulífinu sé varanlegur.

Áfram sókn í fræðslumálum

Með þessu blaði kynnir Efling áframhaldandi uppbyggingu í fræðslumálum fyrir félagsmenn sína. Við höldum áfram að þróa nýja starfsmenntamöguleika s.s. fyrir bensínafgreiðslumenn og byggingargeirann. Efling býður einnig uppá úrval almennra fræðslumöguleika m.a. í tölvu- og tungumálanámi og Grunnmenntaskólanum. Í þriðja lagi höldum við áfram þróun í félagslegri fræðslu s.s. með framhaldsnámskeiðum fyrir trúnaðarmenn og sjálfstyrkingarnámskeiðum fyrir alla félagsmenn.

Mikilvægt nýmæli er nú í boði fyrir félagsmenn. Það er náms- og starfsráðgjöf, hvort heldur er í einka- eða hóptímum, þar sem sérstaklega verður kennd aðferð við að byggja upp sína eigin færnimöppu - læra að meta eigin færni og kynnast möguleikum á að bæta eigin þekkingu.

Annað nýmæli sem Efling kynnir nú í fyrsta sinn er tækifæri félagsmanna til að kynna sér sambærileg störf erlendis, og þeir stunda hér á landi. Gert er ráð fyrir að sækja um styrk til mannaskiptaverkefna á vegum Leonardó áætlunar Evrópusambandsins. Félagsmönnum mun bjóðast að sækja sér þekkingu og kynnast kollegum sínum í öðrum Evrópulöndum með því að sækja vinnu við sambærileg störf og þeir vinna hérlendis.

Allt þetta er nánar kynnt hér í blaðinu.

Efling-stéttarfélag er félag í mikilli sókn í menntamálum. Félagsmenn eiga kost á góðri menntun og öflugri þjónustu á sviði fræðslumála. Það er mikilvæg sannfæring forystumanna og starfsmanna Eflingar að með því að leggja traustan grundvöll í menntamálum félagsmanna sé um leið opnuð leið til bættra kjara og betri starfa félagsmanna.

Sigurður Bessason

formaður Eflingar - stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Erlendar kynnisferðir	4	Í sviðsljósið	26
Áfram vinnustaðafundur	8	Róleg og afslöppuð	28
Fjölskyldan í forgang	9	Vöfludagurinn	40
Vetrarorlofið	10	Félagslegt fræðslustarf	42
Frábær ferð til eyja	16	Alþjóðavæðingin	45
Námsstyrkur	18	Tölvunámskeið	56
Færnimappan	19	Seldust upp	59
Náms- og starfsráðgjöf	20	Eyðir í sjálfa sig	65
Drifið ykkur í skólann!	24		

Leonardo da Vinci Starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins

Efling sækir um styrki til erlendra kynnisferða fyrir félagsmenn sína



Skyldu þessir starfsmenn hjá Vélamiðstöð Reykjavíkur eiga eftir að kynna sér Vélamiðstöð í Kaupmannahöfn eða í Osló?

Efling - stéttarfélag mun í haust sækja um styrki fyrir 20 til 30 félagsmenn sína til þess að fara til annarra Evrópulanda til að kynna sér og starfa við hliðstæð störf og þeir vinna við hér heima. Verkefnið fellur undir svokallaða mannaskiptaáætlun sem er hluti af starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins (Leonardo-áætlun) og er ætlað að gefa launafólki kost á að auka þekkingu sína með því að kynnst sambærilegum störfum og það vinnur við daglega í öðrum löndum.

Verði umsókn Eflingar samþykkt mun hver félagi eða starfshópur (allt að 30 félagsmenn) geta verið allt frá einni og upp í sex vikur erlendis og notað tímann til að kynnst vinnustaðnum, starfsaðferðum og því námi sem boðið er uppá fyrir viðkomandi starf í landinu. Styrkirnir sem fást eru fyrir öllum ferðakostnaði ásamt mestum hluta dvalar og uppihalds-

kostnaðar. Eflingarfélagar geta síðan sótt um styrk vegna þessara ferða í starfsmenntasjóði sem félagsmenn eiga aðild að.

Félagið mun afla tengsla við vinnustaði og stofanir erlendis sem eru tilbúnar að taka á móti félagsmönnum okkar í þessar heimsóknir. Efling mun einnig verða félagsmönnum sínum innan handar við að kynna viðkomandi atvinnurekendum verkefnið og óska eftir leyfi til að taka þátt í mannaskiptunum. Slíkt verður að vera samkomulagsatriði milli hvers þátttakanda og atvinnurekanda hans.

Þeir félagsmenn eða starfsmannahópar sem óska eftir að taka þátt í þessum mannaskiptaverkefnum eða vilja fá nánari upplýsingar geta haft samband við Eflingu. Garðar Vilhjálmsson og Þórunn Sveinbjörnsdóttir veita frekari upplýsingar.

Dvalið er erlendis að lágmarki í viku og sambærileg störf skoðuð



Afslættir til Eflingarfélaga

Eflingarfélagar geta fengið afslátt hjá eftirtöldum fræðsluaðilum með því að framvísa félagsskírteini:

Hraðlesttrarskólinn	10%
Ökuskólinn Mjódd	10%
Nýju ökuskólinn	10%
Iðntæknistofnun	10%

Breytingar við orlofshús Eflingar

Fjölskyldan í forgang

- Mikil ánægja gesta með framkvæmdirnar



Og áfram var unnið við frágang og viðhald göngustíga í Hvammi.



Dæmi um skemmtilega útfærslu og gott handbragð við leiksvæði.

Í sumar hefur umhverfi margra orlofshúsa Eflingar tekið miklum stakkaskiptum. Framkvæmdir hafa tekið mið af því að gera þau fjölskylduvænni ef svo má segja. Þannig hafa verið sett niður leiktæki og aðstaða barna bætt eftir föngum við mörg húsanna.

Sumarið 2001 var farið í gagngerar breytingar á Flúðum í þessa veru og hafa gestir þar lýst mikilli ánægju með þær framkvæmdir. Nú síðast var allt umhverfi Hvamms í Skorradal tekið í gegn, ekki aðeins leiksvæðin heldur einnig göngustígar í skóginum endurbættir, settar brýr og ræsi, skógur grisjaður og aðgengi um hann bætt, vegir lagfærðir og margt fleira.

Á leiksvæði barna voru settar rólur, sandkassi, körfuboltaspjald, byggt lítið "dúkkuhús" og svæðið allt hellulagt og formað á mjög smekklegan hátt. Óhætt er að segja að sérlega skemmtilega hafi tekist til og almenn ánægja með útkomuna eins og meðfylgjandi myndir bera vott um. Verktaki við þessar framkvæmdir var jarðvinnslufyrirtækið Garpar ehf. í Hveragerði.

Rétt er að brýna fyrir börnum og ekki síður fullorðnum að ganga vel um þessa hluti sem og annað í orlofshúsunum svo gestir megi njóta alls þessa sem allra lengst!



Að ýmsu er að hyggja við frágang húsa!



„Garpar“ vinna að lokafrágangi leiksvæðis í Hvammi.



Rabbað við félagsmenn Eflingar í Granda hf.

Efling undirbýr vetrarstarfið

Áfram vinnustaðafundir

Á síðastliðnum vetri voru haldnir fjölmargir vinnustaðafundir þar sem forystumenn Eflingar mættu á vinnustaði til að spjalla við starfs-

fólk og félagsmenn Eflingar um hin ýmsu mál sem snúa að kjara-, réttinda- og fræðslumálum. Á þriðja tug vinnustaða var heimsóttur og á fimmta hundrað manns sátu þessa fundi. Skemmst er frá því að segja að þeir mæltust mjög vel fyrir hjá félagsmönnum og verður þeim framhaldið í vetur.

Á fundunum var stutt framsaga en síðan spjall við félagsmenn. Fjallað var um stöðu kjaramála, orlofsmál, félagsmál, fræðslumál, sjúkrasjóð og fleira. Félagsmenn eru ánægðir með fundina, töldu greinilega mikilvægt að geta haft tækifæri á að skiptast á skoðunum við forystu félagsins og þeim var ofarlega í huga eftir fundina þær fjölbreytilegu upplýsingar sem þarna fást.

Fundir fóru oft fram á fleiru en einu tungumáli sem endurspeglar vel það fjölpjódlega samfélag sem við búum í. Við hvetjum félagsmenn að hafa samband við skrifstofu félagsins sé óskað eftir fundi en haldið verður áfram að funda út á vinnustöðunum í haust.

Fyrir utan þessa fundi eru síðan haldnir fjölmargir fundir á vinnustöðum vegna kosninga á trúnaðarmönnum og ágreiningmála sem upp koma á vinnustöðum.

Vika símenntunar haldinn í þriðja sinn

Tökum frá 12. og 14. september



Þóra Stefánsdóttir

Vika símenntunar verður haldin dagana 8.-14. september nk. Nýr framkvæmdastjóri Menntar, Þóra Stefánsdóttir, hefur borið hitann og þungann af verkefninu í ár eins og í fyrra. Við forvitnuðumst um viku símenntunar þetta árið.

- Pema Viku símenntunar er símenntun í atvinnulífinu og er því beint til allra þeirra sem taka þátt í atvinnulífinu hvort sem um er að ræða stjórnendur eða almenna starfsmenn. Áhersla verður einnig á almenna hvatningu og kynningu á mikilvægi símenntunar. Að auki mun Ísland taka þátt í samnorrænu verkefni, sem tengist lýðræði og hlut símenntunar í virkri þátttöku fólks í samfélaginu.

Hvernig munu almennir Eflingarfélagar verða helst varir við daginn?

- Mikilvægur þáttur átaksins er Símenntunardagur í fyrirtækjum þar sem fyrirtæki eru hvött til þess að tileinka 12. september fræðslumálum starfsmanna. Þann dag er gert ráð fyrir að fyrirtæki nýti til að kynna starfsmönnum sínum möguleika á símenntun.

Laugardaginn 14. september verður síðan haldin fræðsluhátíð í Smáralind þar sem námsframboð verður kynnt, bæði í kynningarbásum og með lifandi kynningum.

Við skorum á öll fyrirtæki á félagssvæði Eflingar að nýta sér 12. september sem kynningardag fyrir starfsfólk sitt og svo vonumst til að sjá sem flesta Eflingarféлага á fræðsluhátíðinni í Smáralind, sagði Þóra að lokum.

Vetrarleiga í orlofshúsum Eflingar

Alls 39 hús í boði - 29 með heitum potti



Mikía annríki er oft í orlofsmálunum en Fjóla Jónsdóttir hefur umsjón með útleigu húsanna.

Húsin í vetur

Eftirtalin orlofshús verða til útleigu fyrir félagsmenn í vetur:

Kirkjubæjarklaustur 3 hús
Akureyri 6 íbúðir

Svignaskarð í Borgarfirði
heitir pottar 13 hús

Hvammur í Skorradal 1 hús

Húsafell í Borgarfirði
heitir pottar 3 hús

Úthlíð í Biskupstungum
heitir pottar 2 hús

Flúðir
heitur pottur 1 hús

Bein leiga hjá umsjónarmanni á staðnum

Illugastaðir 2 hús
Ölfusborgir heitir pottar 10 hús

Sá skemmtilegi kostur að geta dvalið í orlofshúsum yfir helgi eða jafnvel lengur yfir vetrartímann er alltaf að verða vinsælli. Í vetur eru í boði 39 glæsileg hús fyrir félagsmenn Eflingar sem flest eru í þægilegri fjarlægð frá Reykjavík. Öll eru þau vönduð heilsárshús og vel útbúin.

Að sögn Fjólu Jónsdóttur, umsjónarmanns með úthlutun orlofshúsa á skrifstofu Eflingar hefur fjöldi húsa með heitum pottum aukist og eru nú 29 af 39 húsum þannig útbúin.

Nú er byrjað er að taka á móti bókunum vegna vetrarleigu á skrifstofu Eflingar og hafa félagsmenn 3 virka daga til að greiða leigu og ganga frá samningi eftir að bókað hefur verið. Hægt er bóka 6 mánuði fram í tímann en einungis er hægt að bóka 1 hús á hvern félagsmann. Þau takmörk eru sett til að sem flestir félagsmenn eigi þess kost að nýta sér húsin.

Að gefnu tilefni er nauðsynlegt að taka fram að félagsmönnum er óheimilt að lána öðrum viðkomandi hús. Þeir sem taka hús á leigu eru ábyrgir fyrir húsinu og ber þeim að sjá til þess að vel sé þrifið í lok dvalar og vel sé skilið við húsin að öllu leyti.

Nánari upplýsingar um húsin er hægt að nálgast á heimasíðu Eflingar stéttarfélags www.efling.is og smella á síðu orlofssjóðs.

Verðalisti

Helgarleiga

Almennt verð	kr. 6.500.-
Hús með heitum pottum	kr. 7.500.-
Minni hús í Svignaskarði	kr. 6.500.-
Hvammur í Skorradal	kr. 10.500.-

Verð í vikuleigu er 10.500 - 13.000 eftir húsum

Þetta þarft þú að vita!



Helgarleiga miðast við fimmtudag til sunnudags eða föstudag til mánudags.

Tímabil vetrarleigu er frá 13. september 2002 - 1. maí 2003. Þáskar eru undanskildir.

Ekki áhrif á punktastöfnun

Vetrarleiga hefur ekki áhrif til frádráttar á punktastöfnun félagsmanna.

Hvert á ég að snúa mér?

Ef þið hafið áhuga á að fá orlofshús til leigu í vetur hafið þá vinsamlega samband í síma 510 7500.

Ölfusborgir og Illugastaðir

Vakin er athygli á því að hús í Ölfusborgum og á Illugastöðum eru leigð beint af rekstrarfélagnum á staðnum. Sími í Ölfusborgum er 483 4260, opið virka daga nema miðvikudaga 13.00-16.30 og sími á Illugastöðum er 462 6199. Aðrir bústaðir og íbúðir eru bókaðar í síma 510 7500.



Eflingarfélagar sungu og dönsuðu á goslokum í

Frábærri ferð til Eyja

Um 90 Eflingarfélagar og ferðafélagar þeirra lögðu upp í helgarferð föstudaginn 5. júlí síðastliðinn til Vestmannaeyja. Veðrið var heldur risjótt og lofaði ekki góðu með sjóferðina. Það kom líka á daginn að slæmt var í sjóinn, mót-vindur og nokkur sjór. Margir urðu því sjóveik-ir en hresstust strax og við höfðum fast land undir fótum á ný. Í Eyjum biðu okkar rútur sem fluttu okkur á gistiheimilin Hvíld, Árný og Heimir.

Á laugardeginum rigndi fyrst um morgunin en birti síðan upp og dró varla ský fyrir sólu það sem eftir var ferðarinnar. Í skoðunarferð um Heimaey var okkur sýnt það helsta sem þeir Eyjamenn sýna ferðamönnum. Eftir hádegði fór hluti hópsins í siglingu um Eyjarnar og lofuðu mjög ferðina þegar í land var komið. Sameiginlegur kvöldverður var á Hótel Þórshamri. Það er ekki ofsagt að maturinn hafi verið rausnarlega útlátinn. Ferðalangarnir áttu varla orð til að lýsa ánægju sinni með



matinn. Eftir að borðhaldi lauk var farið í bæinn en þessa helgi héldu Vestmannaeyingar upp á goslokin. Þar var sungið, spilað og dansað fram undir morgun. Margir ferðalangar Eflingar tóku þátt í gleðinni fram eftir nóttu.

Á sunnudeginum fór Ragnar Ólason með hópinn í gönguferð um bæinn og sagði hópnum ýmsar skemmtilegar sögur af mannlífinu þar. Flestir tóku þátt í gönguferðinni. Þegar haldið var heim á leið var siglt í sólskini og logni til lands og heilsaðist öllum vel á leiðinni. Að kvöldi sunnudagsins komu allir ánægðir til Reykjavíkur eftir velheppnaða ferð.



Sumarferðin norður í blíðskaparveðri

Mývatnssvæðið heillaði



Mývatn er náttúruperla á heimsmælikvarða.

Gott veður og skemmtilegur hópur ein-kenndi ferð Eflingarfélaga um Norðurland helgina 20. - 23. júní. Við Mývatn var gengin gullfalleg leið frá Höfða út að vatninu og í Dimmuborgir. Gönguleiðir voru að hentugleika hvers og eins. Þarna gafst mörgum kostur á að sameina góða lautarferð og fræðandi náttúruskoðun í fallegu umhverfi.

Á sprungusvæði sunnan Mývatns þar sem sprungubelti jarðskorpunnar koma saman skoðuðu ferðalangar nýjustu sprungurnar sem blöstu við eftir jarðskjálfta. Upp á Námafjall við námaskarð þar sem stórbrotin náttúrusmíð Mývatnssvæðisins blasti við auk Herðubreiðar og nærliggjandi fjalla. Farið var að Kröfluvirkjun sem áður var umdeild en malar nú gull fyrir þjóðarbíúð. Um kvöldið var borðaður góður

matur að Laugum í Reykjadal þar sem gist var allar næturnar.

Næsta dag var ekið að Dettifossi og hann skoðaður í frábæru veðri og síðan ekið að Sel-fossi og þaðan í Ásbyrgi þar sem gengið var um svæðið í logni og um 18 stiga hita þar var hádegisnesti borðað úti á grasflötum. Þaðan lá svo leiðin að Hljóðaklettum þar sem göngugarpar úr hópnum fóru í lengri hring og skoðuðu frábær listaverk náttúrunnar. Á köflum var leiðin illfær en allir komu heilir til baka. Frá Hljóðaklettum var farið um Tjörnesið og steingervinalögin skoðuð en síðan ekið að Húsavík þar sem fólk fór og kynnti sér veitingastaði Húsavíkur.

Á heimleið var svo ekið heim um Kjöl sem skartaði fögru veðri þar til við fórum að nálgaast Geysi í Haukadal. Þessi ferð tókst afar vel og var félaginu til sóma í alla staði.



Glaðvær ferðahópur á góðri stundu.



Sjá blaðsíðu 66

Efling starfsrækir í samstarfi við atvinnurekendur starfsmenntasjóði fyrir alla félagsmenn sína. Hlutverk starfsmenntasjóðanna er tvíþætt:

- Að styrkja einstaklinga til starfsnáms að eigin vali þ.e. með einstaklingsstyrkjum.
- Að standa að framboði á starfsmenntanámsskeiðum í samstarfi við fræðsluðila og ákveðnar starfsgreinar eða fyrirtæki.

Réttur félagsmanna til einstaklingsstyrkja getur verið mismunandi eftir því hvort viðkomandi starfar hjá ríki, borg eða á almennum vinnumarkaði, en einnig lagt mat á starfstengingu námsins við úthlutun námsstyrkja.

Meginreglur starfsmenntasjóða Eflingar gera ráð fyrir að umsækjandi hafi verið í félaginu í

Hafið samband við Eflingu

Ásamt styrkjum til félagsmanna vegna námskeiða að eigin vali standa fræðslusjóðir Eflingar fyrir ýmsum starfsmenntanámsskeiðum í samvinnu við starfsmannahópa, einstök fyrirtæki eða starfsgreinar. Ef félagsmenn hafa tillögu eða hugmynd að uppsetningu á ákveðnu starfsnámi fyrir sig og sitt fyrirtæki - eða bara áhuga á að læra meira um sitt starf - er hægt að hafa samband við skrifstofu Eflingar og skoða möguleika á uppsetningu á námi.

Hér í blaðinu er gerð grein fyrir þeim námskeiðum sem eru í undirbúningi eða eru að fara í gang núna í haust. Yfirleitt geta Eflingarfélagar skráð sig á þessi námskeið sem einstaklingar og ýmsir kostir eru á að koma þessum námskeiðum á fyrir fleiri starfshópa eða í samstarfi við önnur fyrirtæki. Einnig eru möguleikar á að sniða námskeiðin að ákveðnum þörfum fyrirtækja bæði að efnisinnihaldi og tímasetningum. Við hvetjum alla Eflingarfélaga til að skoða rækilega möguleika á að koma á starfsnámi í sínu fyrirtæki og hafa samband við okkur. Verum öll meðvituð um að í öllum störfum má bæta þekkingu og hæfni starfsmanna.

12 mánuði áður en sótt er um styrk en greitt er hlutfallslega fyrir hlutastörf. Styrkir til einstakra félagsmann vegna starfsnáms að eigin vali geta verið allt að frá 27.000 til 42.500 krónur á ári eftir sjóðum. Aldrei er þó greitt meira en sem nemur 60-75% af kostnaði við viðkomandi námskeið.

Til þess að sækja um styrk þarf að fylla út sérstakt eyðublað sem fæst á skrifstofu Eflingar og skila inn kvittun fyrir greiðslu á námskeiði ásamt ljósriti af síðasta launaseðli og staðfestingu á að hafa lokið námskeiðinu. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu Eflingar undir liðnum fræðslumál.

Efling Educational funds

WHAT rights do I have??

Efling provides in cooperation with employers, educational funds which are available to all its members. The role of these educational funds is twofold:

- to grant a subsidy to individuals for vocational education, chosen by themselves, i.e. individual subsidies.
- to offer courses in vocational education in cooperation with educational institutions, specific trade departments or firms.


The individual's right to receive subsidies is dependent on whether they work for the state, the city or in the private sector. The link between the

planned vocational education course, and the job performed, is also evaluated before subsidies are granted.

The main rules of the educational funds of Efling state that those applying for a subsidy must have been members of the union for a 12 month period before applying. Grants to those in part-time employment are proportional. The amount of any grant offered to an individual for vocational education they choose themselves may vary from 27.000 kr. to 42.500 per annum. In order to apply for a subsidy applicants must complete a special form, available at the Efling office. This may also be found on the Efling homepage under the heading of „Education“. Applicants must also present receipt(s), for payment of a course, together with a copy of their last salary slip.

Færnimappa – gagnleg nýjung

Ný leið til að ná yfirsýn á eigin færni og getu



MFA áður hefur nú um nokkurt skeið unnið að þróun sérstaks verkefnis sem kallast *Færnimappa*. Allir búa yfir færni og þekkingu sem af mörgum ástæðum er ókunn bæði atvinnurekanda og samstarfsmönnum. Fyrir fyrirtæki getur verið afar gagnlegt að vita af slíku og hafa þannig yfirsýn yfir þann mannauð sem í starfsfólkinu býr. En það er einnig staðreynd að oft erum við sjálf ekki nægilega meðvituð um þá þekkingu sem við búum yfir, færni sem við getum hafa öðlast bæði í formlegu og óformlegu námi, í starfi, fjölskyldulífi og með þátttöku í félags- og tómstundastarfi.

Ef við hins vegar viljum vera metin að verðleikum þurfum við að þekkja og hafa yfirsýn yfir hvað við kunnum og getum - færni okkar. Með færnimöppunni er lögð áhersla á að draga fram og varpa ljósi á alla þá kunnáttu sem við búum yfir. Skráning þessara upplýsinga sem getur reynst gagnleg ef við viljum byggja ofan á hæfni okkar með þátttöku í endur- og símenntun.

Atvinnurekandinn veit oft lítið um bakgrunn okkar og reynslu, að frátöldum upplýsingum um skólagöngu og starfsferil. Oftast eru upplýsingar um viðfangsefni og verkefni sem við höfum sinnt í fyrri störfum honum ókunn. Fyrirtækinu myndi því nýtast sú skráning sem felst í færnimöppunni (á færni allra starfsmanna) veita yfirsýn og vitneskju um þá færni/mannauð sem fyrirtækið býr yfir. Jafnframt veitir hún upplýsingar um hvernig best verður komið til móts við þarfir starfsmanna fyrir frekara nám eða þjálfun. Þannig er hún góður grunnur að gerð starfsþróunaráætlana og markvissri hæfnis-uppbyggingu starfsfólks.

Kennsla í gerð færnimöppu er hluti af 5 klukkustunda námskeiði í starfs- og námsráðgjöf sem Efling mun bjóða á vinnustöðu á félagssvæði sínu í vetur.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Eflingar.

A

Sjá blaðsíðu 66



Það getur skipt miklu máli fyrir starfsfólk á vinnustaðum að eiga möguleika á góðri námsráðgjöf

Möguleikar til að læra og bæta við sig þekkingu verða sífellt fjölbreyttari og margvíslegri. Þá hefur nýleg skoðanakönnun Eflingar sýnt að mikill meirihluti Eflingarfélaga telji sér það nauðsynlegt að sækja námskeið til þess að þróast áfram í starfi. Ennfremur kemur fram í þessari könnun að meirihluti atvinnurekenda er áfram um það að starfsmenn sækji sér þekkingu með námskeiðum.

Til þess að auðvelda félagsmönnum að meta sína stöðu og átta sig á möguleikum sem eru fyrir hendi hefur Efling með fræðslusjóðum sínum ákeðið að bjóða félagsmönnum ókeypis ráðgjöf um þessi efni. Við munum bjóða tvenns konar ráðgjöf, annars vegar hóptíma úti á þínum vinnustað eða einkatíma.

Hóptímar - klukkutíma kynning eða fimm tíma námskeið:

Þeir vinnustaðir sem það vilja geta óskað eftir því að fá náms- og starfsráðgjafa á klukkutíma kynningarfund eða 5 klukkustundar námskeið um náms- og starfsráðgjöf. Kynningarfundurinn stendur í um 1 klst. (tilvalið í hádegishlé) og markmið hans er að kynna í stuttu máli hvaða aðstoð er hægt að sækja í náms- og starfsráðgjöf og hvað fellst í henni.

Einnig geta vinnustaðir óskað eftir að fá 5 klukkustunda hópráðgjöf þar sem farið verður í grundvallaratriði á gerð svokallaðrar **Færni-möppu** (sjá umfjöllun á bls. 19) og útskýrt fyrir félagsmönnum hvernig á að bera sig að við að meta sína möguleika og leiðir.

Einstaklingstímar - Á vinnustað eða skrifstofum Eflingar.

Allir Eflingarfélagar geta haft samband við skrifstofu Eflingar og bókað tíma í einstaklings náms- og starfsráðgjöf á skrifstofu Eflingar.

Þá geta starfsmenn vinnustaðarins tekið sig saman og óskað eftir að fá starfs- og námsráðgjafa í heimsókn á vinnustaðinn, t.d. í heilan eftirmiðdag í einstaklingsviðtöl. Þeir starfsmenn sem þess óska geta þá hitt ráðgjafann, t.d. á kaffistofunni, - og rætt sín mál í næði.

Allar frekari upplýsingar má fá á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500 þar sem Garðar Vilhjálmsson sér um málið eða með tölvupósti gardar@efling.is. Einnig er hægt að hafa samband við MFA í síma 533 1818.

Fræðslusjóðir Eflingar og atvinnurekenda mun í vetur í samvinnu við MFA bjóða félagsmönnum Eflingar uppá starfs- og námsráðgjöf í hóp- eða einkatímum úti á þínum vinnustað.



Sjá blaðsíðu 66



Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra

Menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich

Hagsmunamál að greiða öllum aldurs- hópum leið í nám

Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra hefur verið áberandi í allri opinberri umræðu um menntamál frá því hann tók við embætti sl. vetur. Það hefur vakið nokkra athygli að ráðherrann hefur lagt mikla áherslu á menntun í atvinnulífinu. Við útskrift úr Grunnmenntaskóla Eflingar og MFA sl. vor kom ótvírætt fram áhugi hans og stuðningur við þetta starf fyrir ófaglærða starfsmenn. Að þessu tilefni leitaði Fréttablað Eflingar eftir því við Tómas Inga að ræða við hann um starfsmenntun í atvinnulífinu sem skiptir ekki síst miklu máli fyrir félagsmenn Eflingar. Ráðherrann var fyrst spurður um sýn á símenntun og hvernig hann sæi þróunina framundan.

Vegna örra breytinga á sviði atvinnulífs eru gerðar kröfur til þess að starfsfólk fyrirtækja búi yfir miklum sveigjanleika og aðlögunarhæfni. Menntakerfið hefur freistað þess að laga sig að þessum kröfum með fjölbreyttu námsframboði innan skólakerfisins og einnig

hafa einkaskólar aukið námsframboð sitt svo um munar.

Almenningur á öllum aldri sækist nú í vaxandi mæli eftir menntun á hinum ýmsu sviðum sem ekki tengist beint atvinnuþátttöku en er til þess fallin að auka almenna þekkingu og koma til móts við áhugamál hvers og eins. Símenntun er því orðin mikilvægur hluti af lífsgæðum fólks. Ég tel að eftirspurn eftir fjölbreyttri símenntun muni vaxa á næstu árum og þeirri eftirspurn þarf að mæta.

Huga að fólki með skamma skólagöngu að baki

Hversu nauðsynlegt telur þú að allt launafólk eigi aðgang að menntun eftir að út á vinnumarkaðinn er komið?

Aukinn hagvöxtur sem allar þjóðir sækjast eftir er undir því kominn að vel takist til um menntun þeirra sem starfa í atvinnulífinu og að þeir sækist eftir og hafi tækifæri til að halda menntun sinni við með símenntun. Það er því hagsmunamál hverrar þjóðar að greiða öllum aldurshópum leið í nám hver sem starfsvettvangur þeirra er, hver sem grunnmenntun þeirra er og hvar sem fólk býr á landinu.

Huga þarf sérstaklega að möguleikum fólks með stutta skólagöngu og tryggja framboð á námi sem miðað er við þarfir þessa hóps. Í þessu samhengi er talað um að fólk eigi að fá „annað tækifæri til náms“. Þetta á að vera samstarfsverkefni einstaklinga, stéttarfélaga, atvinnurekenda og hins opinbera.

Hversu mikið er eðlilegt að ríkisvaldið komi að kostnaði við símenntun launafólks?

Símenntun launafólks getur falist í aukinni almennri grunnmenntun eða þjálfun til að vinna sérhæfð störf innan fyrirtækja og allt þar á milli.

Að mínu mati á ríkisvaldið fyrst og fremst að standa fyrir og fjármagna almenna menntun í hinu hefðbundna skólakerfi. Það er svo viðvarandi viðfangsefni að semja um það með hvaða hætti atvinnulíf og stjórnvöld koma að annarri menntun launafólks.

Kennsluformið verði val nemandans – ekki kennarans

Sérð þú fyrir þér breytingar á framhaldsskólunum, s.s. opnara og sveigjanlegra skólastarfa s.s. aukið framboð á starfsnámi í kvöldskóla, aukið fjarnám, lotubundið nám o.fl?

Framhaldsskólastigið í heild sinni er í örri þróun og ýmis merkustu og róttækustu ákvæði framhaldsskólalaganna frá 1996 eru tiltölulega nýkomin til framkvæmda eða í þann mund að koma til framkvæmda. Þar má t.d. nefna inn-tökuskilyrði í skólana, nýja brautarskiptingu námsins, almenna námsbraut og viðbótarnám við starfsnám allt til stúdentsprófs.

Löggjöfin frá 1996 var í grundvallaratriðum opnari og sveigjanlegri en eldri löggjöf um leið og hún kveður skýrar á um kröfur og markmið náms. Allt sætir það nánari útfærslu í nýjum námskrám og stöðugri endurskoðunarvinnu við þær.

Samhliða nýrri löggjöf og námskrám er hröð þróun tæknibúnaðar, endurmenntun kennara og tölvuvæðing að opna alveg nýja möguleika á fjarnámi og sveigjanlegri endurmenntun af öllu tagi. Markmiðið er að hentugleikar einstaklingsins og þróun starfa og starfsumhverfis ráði meiru um kennsluhætti en verið hefur, kennsluformið verði val nemandans en ekki kennarans. Hröð uppbygging símenntunar-stöðva um allt land er einn vottur þessarar hugsunar og markmiðssetningar.

Ég hef mikinn áhuga á því að efla starfsmenntir og iðnnám og vil sjá til þess að lögunum verði fylgt



Markið sett hátt í starfsmenntun

Telur þú eðlilegt að atvinnulífið komi meira að skipulagningu og framkvæmd starfsmenntunar, og „öðru tækifæri til náms“ (almennu námi fyrir þá sem luku ekki grunnskóla eða tæplega það)?

Ítarlegur kafli nýju laganna um starfsnám er vottur þess að með þeim var markið sett hátt í starfsmenntun. Ég hef mikinn áhuga á því að efla starfsmenntir og iðnnám og vil sjá til þess að lögunum verði fylgt. Samkvæmt þeim er enginn vafi á því að einn hornsteinn stefnumótunar í starfsmenntun er hjá atvinnulífinu í gegnum samstarfsnefnd um starfsnám og starfsgreinaráðin. Þau er smám saman að festa sig í sessi og styrkja innviði sína og starfshætti.


Um þessar mundir verður víða vart áhuga á vinnustaðanámi sem hluta af almennu starfs- og iðnnámi. Á þeim vettvangi kunna að felast möguleikar á nýrri framkvæmd starfsmenntunar og auknum tækifærum til náms. Meðal áhersluatriða framhaldsskólalaganna eru stöðupróf eða auknir möguleikar fólks til að sýna kunnáttu sína í verki. Mat á fyrra námi og starfsreynslu er einnig meðal forgangsverkefna við skipulagningu nýrra starfsnámsbrauta.

Að öðru leyti tel ég að sú þrískipting starfsmenntakerfisins sem felst í löggjöfinni: starfsgreinaráð, ráðuneyti og skólar, eigi enn eftir að sanna sig og fylgjast þurfi grannt með þeirri framvindu og styðja til árangursríks starfs.

Landnemaskólinn á öðru starfsári

Drífið ykkur í skólann

- segir Lucrecia Dugay



Já, núna hef ég meiri þekkingu og sjálfstraust, ég veld mínu starfi betur og er öruggari með mig í vinnunni, segir Lucrecia Dugay og hvetur aðra útlendinga til að fara í skólann.

Settlers in Iceland

A school for foreign members of Efling

The educational fund of Efling and SA (Starfsafl), in cooperation with MFA and a number of companies that have employed foreign workers, will offer new courses in Icelandic this winter, a total of 250 lessons. This education is designed to provide a deeper understanding of the Icelandic language and society in the minds of the members of Efling. They will learn about the Icelandic community, the Icelandic labour market and about Icelandic traditions and culture.

We assume that participating companies will make sure that employees continue to receive their wages while attending classes. We plan to teach throughout the winter, but the timing of classes will be planned in cooperation with employers to minimise disruption.

We encourage foreign employees and their employers to consider this offer and to contact the office of Efling for further information.

Telephone: 510-7500, or e-mail, efling@efling.is

Lucrecia Dugay Ingólfsson var í fyrsta hópn-um sem settist á skólabekk í Landnemaskólan-um þegar hann tók til starfa síðastliðinn vetur. Lucrecia vinnur við ræstingar í þjónustuíbúð-um aldraðra við Dalbraut 21-27 og er frá Filippseyjum. Fréttablað Eflingar tók hana tali og spurði um ástæðu þess að hún fór í skólann.

Ég vildi einfaldlega læra meira í íslensku og á markvissan hátt. Einnig fannst mér nauðsyn-legt að vita meira um réttindi og skyldur í sam-félaginu og líka til að kynnst fólki.

Stóð skólinn undir væntingum þínum?

Já, ég lærði heilmikið í íslensku og um menn-inguna hér og samskipti almennt, komst þannig betur inn í samfélagið. Svo lærðum við líka heilmikið um menningu annarra þjóða af öðrum landnemum þannig að ég er mjög ánægð með skólann.

Hefur það nýst þér í vinnu eða persónulega að hafa farið í skólann?

Já, núna hef ég meiri þekkingu og sjálfs-traust, ég veld mínu starfi betur og er öruggari með mig í vinnunni og ég á auðveldara mér að hafa samskipti við fólk bæði í vinnunni og utan hennar.

Ætlarðu að halda áfram að bæta við þig í námi?

Ég hef áhuga á að halda áfram í íslensku því að það er mjög erfitt að læra hana.

Attu einhver ráð handa þeim sem eru að hugsa um að fara í Landnemaskólann næsta vetur?

Drífið ykkur í skólann því að það er mjög mikilvægt fyrir þá sem ætla að setjast að hér að kunna málið vel og hafa staðgöða þekkingu á íslensku samfélagi og Landnemaskólinn er kærkomið tækifæri til þess.

Um Landnemaskólann

Landnemaskólinn er samvinnuverkefni Eflingar – stéttarfélags, MFA og Starfsmenntaráðs félagsmála-ráðuneytisins. Skólinn er hugsaður sérstaklega fyrir fyrir félagsmenn Eflingar af erlendu bergi brotna. Alls er námið 250 stundir. Ný önn skólans hefst í haust en inntak hans er að kenna erlendum félagsmönnum íslensku og ýmislegt um íslenska menningu og sögu ásamt því að taka fyrir réttindi og skyldur í íslensku samfélagi. Nemendur þurfa að sækja um inngöngu í skólann í samvinnu við vinnuveitanda þar sem hluti námsins fer fram á vinnutíma - enda er atvinnurekendum mikill akkur í því að starfsmenn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli þekki tungumálið vel og kynnist íslensku samfélagi. Námsgjöld eru kr. 25.000 og geta þeir félagsmenn sem eiga rétt í starfsmenntasjóði félagsins, hafa verið félagsmenn í 12 mánuði og ekki fullnýtt sér einstaklingstyrk sinn sótt um 60-75% endurgreiðslu á skólagjöldum.

Nánari upplýsingar um Landnemaskólann má fá hjá Eflingu - stéttarfélagi eða hjá Hólmfríði hjá MFA í síma 531818



Við byggjum hús

Síðastliðinn vetur lauk Þorsteinn Jónsson kvikmyndagerðmaður við gerð myndar sem hlotið hefur vinnuheitið “Við byggjum hús” en hún fjallar um störf byggingarmanna þegar Höfðaborg, hús ríkisáttasemjara við Borgartún, var reist.

Myndin sýnir líf og störf verkamanna og iðnaðarmanna hjá Eykt og er sérstaklega áhugaverð fyrir þá innsýn sem hún veitir á vinnustað í byrjun 21. aldar.

Til þess að nálgast verkefnið réði Þorsteinn sig sem verkamaður í byggingarvinnu í þrjá mánuði á meðan á tókum myndarinnar stóð.

Pann19. júní s.l. var Þorsteini Jónssyni afhentur styrkur upp á kr. eina milljón frá Rafiðnarsambandi Íslands, Trésmiðafélagi Reykjavíkur og Eflingu - stéttarfélagi í húsakynnum ríkisáttasemjara og var þá jafnframt sýndur hluti úr myndinni sem er 50 mínútna löng og er ætluð til sýningar í sjónvarpi og kvikmyndahúsum.

Þetta er áhugaverð mynd og skemmtileg. Við hvetjum félagsmenn til að fylgjast með því hvenær hún kemur á dagskrá sjónvarpsins því hún er vel þess virði að eyða kvöldstund yfir sjónvarpinu.



Efling í sviðsljósið

Það getur verið erfitt að kenna gömlum hundi að sitja, – en það á ekki við um mannfólkið!

Gallup könnun sem gerð var m.a. fyrir Eflingu-stéttarfélag á þessu ári sýndi styrkleika félagsins í mörgum mikilvægum þáttum starfseminnar. Stjórn félagsins ákvað í sumar að láta vinna kynningarefni fyrir Eflingu sem tekur mið að viðhorfum félagsmanna í könnuninni. Efnið er fólgið í leiknum auglýsingum sem draga upp mynd af félagsmönnum Eflingar og viðhorfum í þeim meginþáttum sem skipta miklu í starfi félagsins.

Afrakstur af þessu starfi mun koma í ljós á næstu mánuðum í helstu fjölmiðlum landsins. Gerðar hafa verið stuttar sjónvarpsmyndir, auglýsingar sem munu birtast í dagblöðum og tímaritum og síðan bæklingar um helstu svið félagsins.

Auglýsingaefnið fjallar um fræðslumál, or-

lofsmál og sjúkrasjóð, en þessu efni verða svo byggðir bæklingar um félagsstarfið. Markmiðið er að draga fram þau jákvæðu viðhorf sem félagsmenn Eflingar hafa af félaginu og koma þessum skilaboðum á framfæri með sjónvarpsauglýsingum og blaðaauglýsingum.

Það er Auglýsingastofan 1,2 og 3 sem vann kynningarefnið með aðstoð kvikmyndafyrirtækis SPARK.

Að lokinni aðalherferðinni eru búnar til styttri útgáfur af auglýsingum og minni dagblaðsauglýsingum.

Hér á síðunni getur að líta dæmi um kynningarefnið, en lesendur blaðsins og félagsmenn eiga síðar eftir að sjá hvernig þetta kynningarstarf kemur út í vetur.



Vetrarkyrrð í Úthlið.

Vetrarfrí

Ekki bara um helgar!

Að gefnu tilefni er rétt að benda félagsmönnum á að orlofshúsin sem eru í útleigu í vetur eru ekki aðeins leigð um helgar. Þvert á móti er hægt að njóta þeirra í miðri viku líka og reyndar æ algengara að hús séu leigð út í vikutíma á veturna.

Bæði kemur þar til að vetrarfrí eru almennt að aukast hjá fólki og svo er oft um löng vaktarfrí að ræða hjá þeim sem á annað borð vinna vaktavinnu.

Full ástæða er til að vekja athygli þeirra félagsmanna Eflingar sem kost hafa á, að vikuleiga að vetri er bæði ódýr og skemmtileg tilbreyting sem vert er að prófa!



Gunnhildur Gróa Jónsdóttir

Í félagsliðanámi hjá Námsflokkunum

Róleg og afslöppuð í prófunum

- og viti menn þetta gekk upp!!!
segir Gunnhildur Gróa Jónsdóttir

Á síðasta ári hófst kennsla í félagsliðanámi hjá Borgarholtsskóla og Námsflokkunum Reykjavíkur. Hér er um að ræða nýtt stutt starfsnám fyrir starfsfólk við umönnunarstörf. Nokkrir Eflingarfélagar hafa hafið nám á þessari námsbraut en gert er ráð fyrir því að starfsreynsla og starfstengd námskeið verði metin sem hluti af náminu. Fréttablað Eflingar ræddi við Gunnhildi Gróu Jónsdóttir sem fór í námið á síðasta ári og spurði fyrst hvernig námið hefði gengið.

Mér hefur gengið mjög vel og ég hef haft ótrúlega gaman að þessu námi. Þegar félagsliðanámið var auglýst á síðasta ári var okkur sem höfðum unnið lengi við aðhlynningarstörf boðið að taka þetta nám á tveim öðrum í stað fjögurra anna hjá óreyndu fólki. Síðan átti að meta fyrri menntun og starfsreynslu og ákveða

Félagsliðabraut

- Spannandi nýtt starfsnám í umönnunargeira



Ný námsbraut - Félagsliðabraut - fyrir starfsfólk sem vinnur við umönnun aldraðra, fatlaðra og í heimaþjónustu er orðin að veruleika. Ný námskrá var staðfest á árinu 2001 og mun Borgarholtsskóli kenna eftir þeirri námskrá í vetur. Námskráin er sniðin að þörfum atvinnulífsins og uppfyllir öll markmið sem lagt var upp með við undirbúning hennar. Einnig hafa Námsflokkar Reykjavíkur sótt um til menntamálaráðuneytisins að geta útskrifað félagsliða.

Félagsþjónustan í Reykjavík er með tilbúna áætlun fyrir starfsmenn sína sem vinna við umönnun og heimaþjónustu til að ná félagsliðaréttindum með styttingu náms vegna langrar starfsreynslu og þátttöku í fagnámskeiðum á undanförmum árum. Þessi áætlun hefur verið kölluð brúarsmið og er verkefnið til skoðunar og samþykktar hjá menntamálaráðuneytinu. Starfsmenn Eflingar-stéttarfélags hafa tekið virkan þátt í þessari undirbúningsvinnu og lagt ríka áherslu á að starfsreynsla og eldri námskeið verði metin til styttingar á námsleiðinni.

Margir félagsmenn Eflingar hafa verið að safna sér námseiningum í öldungadeildum framhaldsskóla eða hjá

Námsflokkunum Reykjavíkur til að geta orðið félagsliðar og hafa starfsmenntunarsjóðir Eflingar veitt styrki vegna til námsins.

Félagsliðanámið er fyrst og fremst ætlað þeim starfsmönnum sem ætla sér að vinna við umönnun aldraðra, fatlaðra og í heimaþjónustu. Efling-stéttarfélag hefur kynnt sér hvernig sambærilegt nám hefur nýst t.d. í Danmörk en þar eru slíkar stuttar starfsmenntabrautir mjög algengar. Starfsmönnum sem hafa slíka menntun hafa verið falin meiri verkefni og þeir tekið þátt í að bera meiri ábyrgð á sínum vinnustað.

Efling lítur svo á að með þessu sé mikilvægum áfanga í fræðslumálum félagsmanna náð og vonandi verða margar tilbúnir til að nýta sér þá nýju möguleika. Hægt er að finna hvað á að kenna á námsbrautinni t.d. með því að fara inn á heimasíðu Námsflokka Reykjavíkur (www.namsflokkar.is) eða heimasíðu Borgarholtsskóla (www.bhs.is). Mikilvægt er fyrir hvern og einn að kynna sér hversu mikið þarf að taka af náminu áður en námið hefst.

út frá því hvaða greinar við ættum að taka. Þegar við innrituðum okkur í skólann kom í ljós að menntamálaráðuneyrið hafði ekki skil að sinni vinnu en með hjálp Guðrúnar Halldórsdóttur skólastjóra ákváðum við námsgreinarnar sjálfar. Ég tók heilbrigðisfræði, siðfræði, líkamsbeitingu, starfstellingar, næringarfræði, sálarfræði og skyndihjálp svo kemur í ljós í haust hvaða greinar vantar uppá til að ljúka náminu.

Eitt áttu þessi ólíku fög sameiginlegt og það var hversu allir kennararnir voru miklir fagmenn og frábærir í að gera námið áhugavert og skemmtilegt.

Nú tekur þú námið sem kvöldnám með vinnu, hvernig hefur það gengið?

Ég er í fullu starfi og vel það þannig að það hefði verið óhugsandi fyrir mig að mæta þrjú kvöld í viku í skólann nema vegna velvilja deildarstjóra míns. Fyrir prófin notaði ég vetrarfríð mitt til upplestrar. Ég veit um forðæmi þar sem starfsfólki á leikskólum er gefið frí hálfan dag í viku vegna náms og síðan nokkra daga fyrir próf en vinnuveitandi minn var ekki reiðubúinn að veita neitt frí á launum þar sem það er ekki í samningum.

Er það hindrun að þurfa að taka próf eftir hverja önn?

Örugglega í sumum tilfellum en ég held að það sé ekki algengt. Mér finnst gaman að fara í próf og fá sönnun á því að ég ráði við námsefni og það eykur líka sjálfstraustið. Við erum fjórar konur sem höfum langan starfsaldur í um-

Starfsmenntasjóðurinn hefur reynst mér góður bakhjarl



mönnunarstörfum sem tengdumst góðum vináttuböndum og styðjum hver aðra eftir megni. Við hittumst reglulega heima hjá okkar í vetur og unnum saman við ritgerðir og fyrir prófin. Ég get ekki neitað því að ég var stressuð fyrir próf og fannst ég lítið kunna en ég róaði mig niður kvölds og morgna með því að hlusta á hann Kára Eypórsson á slökunarspóluinni Máttur hugans. Svo þegar ég kom í prófin var ég róleg og afslöppuð og viti menn þetta gekk upp.

Hvernig hefur starfsmenntasjóður Eflingar nýst þér?

Hann hefur reynst mér góður bakhjarl. Eflingarfélagar hafa aðgang að öflugum starfsmenntasjóði en í þessu námi þurfum við að leggja út í kostnað í byrjun skólaárs og fáum síðan endurgreitt ef við stöndumst próf í lok annar. Þetta fyrirkomulag getur reynst láglaunafólki í umönnunarstörfum erfitt sérstaklega ef það er eina fyrirvinna heimilis. Stjórn Eflingar mætti alveg breyta þessu þannig að skólinn fengi greiðslu fyrir nemendur í byrjun annar. En ég hef ekki trú á því að margir hætti námi, sagði Gunnhildur að lokum.



Lára Björnsdóttir

Námsbrú sem tengir starf og félagsliðanám

Námið er lykilatriði fyrir ábyrgðarstörf

- segir Láru Björnsdóttur félagsmálastjóri

Félagsþjónustan í Reykjavík er um þessar mundir að undirbúa félagsliðanám fyrir starfsmenn sem vinna við heimaþjónustu og umönnun aldraðra. Fréttablað Eflingar fór á stúfana og ræddi við Láru Björnsdóttur og spurði hana fyrst hvernig gengi að undirbúa þetta nám þar sem félagsmenn Eflingar geta öðlast félagsliðaréttindi.

Það gengur mjög vel. Búið er að skipa öflugan undirbúningshóp til þess að hrinda þessu langþráða verkefni úr vör. Í hópnum eru fulltrúar frá Félagsþjónustunni, Eflingu og Námsflokkum Reykjavíkur. Gaman er að segja frá því að einn í hópnum er trúnaðarmaður Eflingar innan Félagsþjónustunnar og er því í senn fulltrúi starfsmanna, Eflingar og Félagsþjónustunnar. Hópurinn mun á næstu vikum vinna að því að koma námskeiðunum af stað í samvinnu við Námsflokkana og/eða aðra framhaldsskóla og kynna möguleikana á þessu námstilboði fyrir starfsfólki Félagsþjónustunnar.

Hvað eru þetta margir starfsmenn sem geta nýtt sér þessa leið?

Það má reikna með að af um 600 félagsmönnum Eflingar sem vinna hjá Félagsþjónustunni muni 3-400 manns geta farið þessa leið næstu fjögur til fimm ár. Skilyrðin sem sett hafa verið til að geta notað þessa “námsbrú” frá

Tilkoma þessa náms mun ef vel tekst til leiðir til bættrar og víðtækari heimaþjónustu við fatlaða, aldraða og aðra þá hópa sem þurfa á stuðningi að halda



starfi yfir í félagsliðaréttindin er að vera í starfi hjá Félagsþjónustunni og hafa unnið a.m.k. þrjú ár við umönnun eða heimaþjónustu. Auk þess þurfa starfsmennirnir að vera byrjaðir á starfstengdu námi eða því sem við í daglegu tali í dag köllum 100 og 70 stunda Eflingar-námskeið.

Er þetta nám mikilvægt fyrir Félagsþjónustuna?

Það þarf ekki að orðlengja það að ákvörðunin um félagsliðabrotunina er eitt merkilegasta skrefið sem lengi hefur verið tekið í starfsmenntamálum á starfsviði Félagsþjónustunnar. Það hefur til margra ára verið baráttumál okkar sem störfum innan Félagsþjónustunnar að þessi starfshópur fengi formlega menntun innan skólakerfisins. Það er algjört lykilatriði fyrir fólk sem sinnir svo mikilvægum og ábyrgðarmiklum störfum sem umönnunarstörf og félagsleg heimaþjónusta eru. Með aukinni menntun eru líkur á að staða þessa starfshóps verði betri bæði hvað varðar virðingu og launamál og að starfsánægja og hollusta aukist þannig að það að lokum leiði til bættrar þjónustu við notendur sem er vitanlega lokamarkmið með öllu okkar starfi.”

Telur þú að námið geti stuðlað að víðtækari heimaþjónustu og auknum stuðningi við aldraða og fatlaða?

Það er ekki nokkur vafi í mínum huga að tilkoma þessa náms mun ef vel tekst til leiðir til bættrar og víðtækari heimaþjónustu við fatlaða, aldraða og aðra þá hópa sem þurfa á stuðningi að halda til lengri eða skemmri tíma. Margir halda ranglega að heimaþjónusta sé “bara” ræsting. Þó ég sé síður en svo að gera lítið úr þeim mikilvæga þætti í lífi hvers einstaklings eða fjölskyldu er það þó einungis lítið brot af þeirri þjónustu sem við viljum geta boðið upp á til þess að hún mæti þörfum sem flestra. Bæði reynslan og rannsóknir sýna að allflestir vilja búa á eigin heimili svo lengi sem stætt er. Til þess að svo megi verða þarf að byggja upp heimaþjónustu sem er bæði sveigjanleg og víðtæk og félagsliðanámið er enn eitt skrefið í þá átt.”

Mímir-Tómstundaskólinn

Blogg og brýningar

og mörg áhugaverð námskeið
- segir Ingibjörg E. Guðmundsdóttir



Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, skólastjóri Mímis Tómsundaskólans

Mímir-Tómsundaskólinn býður upp á fjölbreytt úrval tómsundanámskeiða á haustönn 2002 eins og undanfarin ár. Blaðamaður Eflingarblaðsins ræddi við skólastjóran, Ingibjörgu E. Guðmundsdóttur og kom fram að á döfinni eru mörg áhugaverð og skemmtileg námskeið. Ingibjörg var beðin um að segja frá helstu nýjungunum.

Mörg ný námskeið eru í boði eins og endranær. Meðal nýrra námskeiða er námskeið um brýningar fyrir heimilið, þar sem nemendum gefst kostur á að brýna heimilishnífana. Eflaust verða margir hissa á námskeiði í bloggi,

sem nú er auglýst. Það mun vera kallað að blogga, þegar texti er uppfærður á heimasíðu. Einnig verður stutt námskeið í heimasíðugæð, en áhugi fólks fer vaxandi á því að halda úti eigin heimasíðu. Heimasíður geta verið til margs nytsamlegar, eins og til dæmis til að setja inn á þær nýjar myndir af fjölskyldumeðlimum og fréttir úr fjölskyldunni. Þannig er hægt að miðla upplýsingum til þeirra sem búa fjarri.

Verða fornsögunámskeiðin áfram á dagskrá skólans?

Já, nú verða í boði Brennu-Njáls saga, Þingeyinga sögur, sem Jón Böðvarsson mun kenna og Sturlunga, sem Magnús Jónsson mun kenna.

Ævisögur og sjálfsævisögur

En önnur menningarnámskeið?

Mímir-Tómsundaskólinn verður einnig í samstarfi við Reykjavíkúakademíuna á haustönn. Í boði verða tvö námskeið „Slegist í fylgd með Guðríði Símonardóttur“, sem Steinunn Jóhannesdóttir mun kenna og námskeið um ævisögur og sjálfsævisögur sem Sigurður Gylfi Magnússon mun kenna ásamt m.a. Jóni Viðari Jónssyni og Viðari Hreinssyni. Áhugi Íslendinga á ævisögum hefur þótt sérstakur og nú gefst áhugamönnum um ævisögur gott tækifæri til að kynnst þeim fræðum.

Tungumálanámskeiðin eru sívinsæl, er það ekki?

Tungumálanámskeiðin eru fjölmörg og fyrir alla aldurshópa og flest getustig. Segja má að öll helstu tungumálin séu í boði hjá skólanum. Af nýjum námskeiðum má nefna ungversku, dönsku fyrir börn og einnig er í boði nýtt námskeið um ítalskar bókmenntir.

Einkatímar í tungumálum

Einnig er boðið upp á einkatíma í tungumálum. Það getur komið sér vel þegar starfsmenn þurfa að sækja ráðstefnur eða fyrirlestra erlendis að fá æfingu í orðaforða viðkomandi starfsgreinar áður en haldið er út. Tímarnir eru þá aðlagðir að þörfum viðkomandi starfsmanns.

Er hægt að kaupa námskeið fyrir heila hópa hjá ykkur?

Já, það færist í vöxt að keypt séu heil námskeið fyrir hópa. Námskeiðin geta hvort heldur verið beint upp úr dagskrá skólans, eða þau eru sérsniðin fyrir viðkomandi hóp. Ýmist er kennt í okkar húsakynnum eða hjá þeim sem kaupir námskeiðið. Helst er um að ræða starfsmannahópa, stéttarfélag eða fyrirtæki sem kaupa þessi námskeið. Einnig eru dæmi um að heilu bekkirnir úr framhaldsskólum sækja námskeið til okkar.

Það getur komið fyrirtækjum mjög vel að fá kennara til sín, í stað þess að senda alla starfsmenn á námskeið. Það sparast óneitanlega tími við að það sé eingöngu kennarinn sem er á ferðinni, fremur en 10-20 starfsmenn.

Skógrækt í Daníelslundi í Svignaskarði

Viðurkenning tí Eflingar

Jörðin Svignaskarð í Borgarfirði er sem kunnugt er í eigu Eflingar stéttarfélags. Það var í kringum 1970 sem Iðja félag verksmiðjufólks sem síðar sameinaðist Eflingu stéttarfélagi keypti jörðina. Seinna var gerður samningur um leigu á landi til skógræktar við Skógræktarfélag Borgarfjarðar sem hafa ræktað þar myndarlegan skóg sem hlaut nafnið Daníelslundur.

17. ágúst síðastliðinn hófst formlega samstarfsverkefnið “Opinn Skógur” með opunarhátíð í Daníelslundi. Skógræktarfélög um allt land standa að verkefninu sem er ætlað að bæta aðgengi að þeim fjölmörgu skógum sem víða eru til í umsjón og vörslu þeirra. Markmiðið er að opna skógana með gangstígum og gera upplýsingar um lífríki, náttúru og sögu svæðisins sem aðgengilegasta. Fyrirtækin Olís og Alcan á Íslandi styrkja verkefnið. Þá hefur Vegagerðin styrkt verkefnið myndarlega með því að útbúa nýja aðstöðu fyrir ferðamenn við Daníelslund.



Á opnarhátíðinni afhenti Guðmundur Þorsteinsson, formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar, Sigurði Bessasyni, formanni Eflingar og Guðmundi Þ Jónssyni, 2.varaformanni félagsins, viðurkenningu fyrir framlag Eflingar til skógræktar í Daníelslundi.

Við ákváðum að baka sjálfar eggjalausar kökur

-segir Dórótea Einarsdóttir



Dórótea Einarsdóttir með bæklinginn

Um 1-2% íslenskra barna innan við fjögurra ára aldur er með fæðuofnæmi og um helmingur þeirra er með eggjaofnæmi en sem betur fer eldist ofnæmi fyrir eggjum af flestum börnum á nokkrum árum. Nýlega kom út bæklingur þar sem fjallað er um eggjaofnæmi og m.a. birtar eggjalausar uppskriftir af kökum, brauði og ýmsu fleiru góðgæti. Dórótea Einarsdóttir, matráðskona í leikskólanum Heiðarborg í Sel-

áshverfi í Árbæ hefur aðstoðað dóttur sína, Kristínu Magnúsdóttir, við að setja saman uppskriftirnar. Dórótea er félagsmaður í Eflingu.

Ég kynntist matarópoli fyrst fyrir 30 árum hjá syni mínum, sagði Dórótea aðspurð um ástæður þess að hún fór að vinna við bæklinginn. Síðan eignaðist dóttir mín tvíburu sem fengu eggjaofnæmi og þegar þeir fóru í afmælisveislur hjá öðrum börnum gátu þeir ekki borðað kökurnar í veislunni vegna þess að egg eru notuð í allar afmæliskökur. Þá ákváðum við mæðgur að baka sjálfar eggjalausar kökur handa þeim til að fara með í veislurnar. Það varð nú eiginlega kveikjan að þessu. Svo hef ég bakað fyrir börn á leikskólanum sem hafa verið með eggjarofnæmi og önnur mataróþol.

Í bæklingnum fjalla þær Sigurveig Þ. Sigurðardóttir, læknir og Kolbrún Einarsdóttir, næringarfræðingur um þetta ofnæmi. Ég vona að bæklingnum verði dreift sem víðast s.s. á leikskólum og skólum almennt. Einnig mætti láta hann liggja frami í apótekum og á heilsugæslustöðvum.

Ég vil benda fólki á að Kristín er með heimasíðu (kristinmagnud@simnet.is), þar sem hægt er að nálgast uppskriftir og fleiri upplýsingar um eggjaofnæmi sagði Dórótea að lokum.

Dórótea Einarsdóttir er matráðskona í leikskólanum Heiðarborg í Árbæ.

Grunnmenntaskóli MFA og Eflingar fer aftur af stað

Eflir sjálfstraust og hvetur til frekara náms

- segir Katrín Gunnarsdóttir



Katrín Gunnarsdóttir útskrifaðist úr Grunnmenntaskólanum í vor og starfar við umönnun á Reykjalundi

Katrín Gunnarsdóttir vinnur við aðhlynningu á sambýlinu Hlein þar sem sjö fatlaðir einstaklingar búa og Reykjalundur rekur. Hún var í fyrsta hópnum sem stundaði nám í Grunnmenntaskólanum síðastliðinn vetur. Eflingarblaðið ræddi við hana um þátttöku hennar í fyrsta hópnum sem fór í gegnum námið síðasta vetur.

Ég var að hugsa um að fara í félagsliðanám sem er stutt starfsnám í framhaldsskóla en vantaði kjark til að drífa mig en svo sá ég auglýsingu frá Grunnmenntaskólann og ákvað þá að sækja um og fékk inngöngu.

Stóð skólinn undir væntingum þínum?

Já, hann gerði það alveg fullkomlega. Við lærðum íslensku, ensku, stærðfræði og heilmikið á tölvur. Svo fór líka mikill tími í að læra sjálfsstyrkingu og tjáningu sem mun koma sér vel í framtíðinni. Einnig var farið í atvinnuumsóknir, náms- og starfsráðgjöf og gerð svokallaðrar færnimappa sem gaf manni góða yfirsýn á eigin hæfni - það sem maður kann og getur.

Hefur námið nýst þér í vinnu eða persónu-

lega?

Já, það hefur eflt mig mikið sem manneskju hvað varðar sjálfstraust og annað þannig að öll samskipti verða mun auðveldari.

Ætlar þú að halda áfram að bæta við þig í námi?

Já, nú hef ég öðlast kjark til að fara í félagsliðanámið.


Áttu einhver ráð handa þeim sem eru að hugsa um að fara í Grunnmenntaskólan næsta vetur?

Ég á bara það ráð að drífa sig í skólann því að þetta er ótrúlegt tækifæri fyrir fólk á öllum aldri og getur opnað ýmsa möguleika til frekara náms. Svo má ekki gleyma því að það var afskaplega skemmtilegt í skólanum.

**Efling hvetur félagsmenn til að nýta sér þetta tækifæri á að komast í almennt nám sem er sér-
sníðið fyrir fullorðna og getur gefið ýmsa
möguleika í framhaldi. Upplýsingar og um-
sóknir eru hjá Eflingu í síma 510-7500 eða í
tölvupósti efling@efling.is**

A
Sjá blaðsíðu 66

Um Grunnmenntaskólann



Meginviðfangsefni Grunnmenntaskólans er að kenna nemendum að tileinka sér nýja þekkingu - að læra að læra. Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda í náminu, bæði í upplýsingaöflun og meðferð og miðlun upplýsinga. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð auk þjálfunar í að vinna að lausn með öðrum - vera partur af liðsheild.

Í skólanum er kennd íslenska, stærðfræði, enska, verkefnavinna, vinna við tölvur og þjónusta. Einnig er farið í náms- og starfsráðgjöf, sjálfstyrkingu og samskipti/ samvinnu. Allt námið er miðað við að nemendur hafa í mesta lagi grunnskólapróf, þ.e. hafi ekki stundað nám eftir grunnskóla og að jafnvel sé langur tími liðinn frá því þeir sátu á skólabekk.

Námið er 300 stundir sem kenndar verða í tveim 3ja mánaða lotum. Fyrri lotan hefst nú í lok september og stendur fram í nóvember, síðari lotan verður frá miðjum janúar fram í mars 2002. Kennt verður á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl 17:00 - 21:00 og annan hvern laugardag frá kl 09:00 - 13:00, samtals 50 kennslustundir á mánuði.

Aðeins verður hægt að taka inn 18 nemendur og skólagjald er aðeins 30.000 krónur fyrir allt námið og innifalin eru öll námsgögn. Eflingarfélagar geta sótt um styrk fyrir 60 - 75% af þessari upphæð til Starfsmenntasjóða félagsins.

Upplýsingar og umsóknir fást á skrifstofu Eflingar s. 510-7500.

Starfsmenntun fyrir Eflingarfélaga við framreiðslu

Vínfræði, samskipti, sölumennska og smurbrauð

– meðal þess sem í boði er

Efling og Starfsafl í samvinnu við Fræðsluráð hótél- og matvælagreina (FHM) standa að námskeiðum fyrir aðstoðarfólk við framreiðslu á veitingahúsum í vetur. Að sögn Ólafs Jónssonar hjá FHM voru haldin 4 námskeið í fyrra sem voru ágætlega sótt og er því áætlað að hafa framhald á og verða námskeiðin haldin í september og október.

Þetta eru þriggja klukkustunda námskeið og sýnikennsla, en tilgangur námskeiðanna er að auka almenn færni starfsfólks til starfa á hótélum og veitingahúsum. Á námskeiðinu verða grunnþættir þjónustu teknar fyrir svo sem fagleg framkoma og snyrtimennska, framreiðsla, að þjóna til borðs og sölumennska, sagði Ólafur.

Starfsafl og FHM stefna að nánara samstarfi, s.s. framhaldsnámskeiðum þar sem áhersla er á vínfræði, samskipti starfsfólks og viðskiptavina, meðferð kvartana, — allt eftir sem þarfir



Góð framkoma og fagleg vinnubrögð eru lykill að ánægðari viðskiptavinum

og áhugi starfsfólks og fyrirtækja stendur til.

Nánari upplýsingar fást á heimasíðu FHM, www.fhm.is eða síma 580-5254, einnig veitir Maríanna upplýsingar í síma 510-7543 eða starfsafl@starfsafl.is



Sjá blaðsíðu 66

Úrval tungumálanánámskeiða á sérkjörum fyrir Eflingarfélaga í vetur

How do you do?

Tungumálanám

á haustönn

MÍMIR

TÓMSTUNDASKÓLINN

Sími: 588 7222 • www.mimir.is

- Lærðu ensku, dönsku eða spænsku fyrir 4 - 7 þúsund krónur.

Efling-stéttarfélag hefur samið við Mími-Tómstundaskólann um að bjóða upp á sérstök tungumálanámskeið fyrir Eflingarfélaga. Kennt verður síðdegis í lok vinnudags. Námskeiðin eru 20 kennslustundir að lengd. Sérstök áhersla er lögð á talmál á námskeiðunum.

Samið hefur verið um sérstaklega hagstætt verð. Hvert námskeið kostar kr. 17.600.-Félagsmenn geta sótt um styrki til fræðslusjóða Eflingar til þess að mæta kostnaði við námskeiðin. Fullgildir félagsmenn eiga rétt á 60-75% styrk og kostar ámskeiðið félagsmann þá frá kr. 4.400-7.040.

Umsóknareyðublöð um námstyrk frá Eflingu liggja frammi á skrifstofu Mímis-Tómstundaskólans fyrir þá, sem vilja sækja um styrkinn um leið og þeir ganga frá greiðslu námskeiðsins. Skólinn mun sjá um að koma styrkbeiðnum til skila til Eflingar-stéttarfélags. Styrkurinn er greiddur inná bankareikning viðkomandi við framvísun kvittunar fyrir greiðslu námsgjalds og staðfestingu á að félagsmaðurinn hafi lokið námskeiðinu.

Eftirfarandi námskeið verða í boði í vetur

Enska

Þriðjudaga kl. 16.00-17.30
Þriðjudaga kl. 18.00-19.30

Danska

Miðvikudaga kl. 16.00-17.30
(10 vikur frá 25. september)
Fimmtudaga kl. 18.30-20.00
(10 vikur frá 26. september)

Spænska

Miðvikudaga kl. 16:30 - 18:00
(10 vikur frá 25. sept.).
Fimmtudagar kl. 18:30 - 20:00
(10 vikur frá 26. sept.).

Þá er bara að drífa sig í tungumálanám. Skráning er hjá Mími í síma 588-7222.

Aðaltrúnaðarmanni margt til lista lagt

Vöfludagurinn lífgar upp á tilveruna



Ragnar Ólason, aðaltrúnaðarmaður Eflingar hjá Reykjavíkurborg og starfsmaður Vélamiðstöðvar borgarinnar stendur fyrir vinsælu vöflukaffi á föstudögum, sem er gott krydd í tilveruna



Hersir og Sigurður

Trúnaðarmönnum Eflingar er ýmislegt gott til lista lagt auk þess að standa vörð um réttindi og kjör félagsmanna á vinnustað. Fréttablað Eflingar hafði spurnir af því að Ragnar Ólason aðaltrúnaðarmaður Eflingarfélagar hjá Reykjavíkurborg bakaði vöflur á hverjum föstudagsmorgni fyrir samstarfsfólk hjá Vélamiðstöðinni. Okkur langaði að víta meira um þetta uppátæki Ragnars og brugðum okkur í vöflukaffi í Vélamiðstöðina einn sólarríkan föstudagsmorgun í sumar.

- Jú, það er rétt sagði Ragnar þegar við hittum hann í matsalnum í Vélamiðstöðinni þar sem hann var önnur kafinn við vöflubakstur. Þetta byrjaði þannig að síðastliðið haust var dagur símenntunar hjá okkur í Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar og var meðal annars ákveðið að bjóða upp á vöflur. Ég bauðst til að sjá um baksturinn. Þegar vöfluveislunni var lokið kom í ljós að of mikið var eftir af rjóma og frekar en að skila afgangnum og vegna góðra undirtektir vinnufélaganna var ákveðið að hafa vöflur aftur næsta föstudag og síðan hef ég bakað vöflur með kaffinu á föstudagsmorgna.

Hvað bakarðu margar vöflur?

Ætli þær séu ekki svona 30 til 40 í hvert skipti.

Ætlarðu að halda þessu áfram?

Já, meðan áhugi samstarfsfólksins á vöfludeginum er eins mikill og raun ber vitni og fólk er tilbúið að greiða fyrir þær sem svarar kostnaðarverði á ég ekki von á öðru, sagði Ragnar að lokum.



Félagarnir f.v. Guðmundur, Jónas, Pálmi, Oddur og Ragnar voru sammála um að vöflurnar væru afbragðs góðar

Fróðleiksmolar

Vissir þú?

Að aðeins 46% félagsmanna í Eflingu telja að þeir verði í sama starfi og í dag eftir þrjú ár.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500
Félagar- fylgist með réttindum ykkar!!!!

Vissir þú?

Vissir þú að 65% félagsmanna í Eflingu vilja leggja áherslu á vinnutímabreytingar í kjarasamningum og 74% vilja að félagið leggi áherslu á húsnæðismál í kjarasamningum. Fleiri konur eru sammála þessu en karlar.



Frá trúnaðarmannanámskeiði Eflingar

Námskeið fyrir trúnaðarmenn og félagsmenn

Fjölbreytt félagslegt fræðslu- starf Eflingar 2002-2003

Persónuvernd – bréfaskriftir og sjálfstyrking



Sjá blaðsíðu 66

Það verður fjölbreytt framboð félagslegra námskeiða hjá Eflingu - stéttarfélagi í vetur, bæði fyrir trúnaðarmenn félagsins og aðra félagsmenn. Félagið hefur lagt á það áherslu síðustu ár að byggja upp félagslega fræðslu enda er það grundvallarþáttur undir starfi félagsins að félagsmenn hafi tækifæri á að bæta færni sína og þar með verða öflugri í öllu starfi félagsins.

Ýmsar nýjungar í félagsmálafræðslu verða í boði á komandi vetri og er nánar gerð grein fyrir þeim hér að neðan ásamt yfirliti yfir öll námskeiðin á bls. 66.

Öll félagsleg fræðsla fer nú fram í fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð og námskeiðin eru félagsmönnum að kostnaðarlausu. Skráning og upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins í síma **510-7500** eða í tölvupósti **efling@efling.is**. Einnig er að finna yfirlit og ítarlegri upplýsingar um námskeiðin á heimasíðu félagsins **www.efling.is** undir fræðslumál. Lágmarkspáttaka er 12 manns á námskeiði og áskilur félagið sér rétt til að fella einstök námskeið niður ef ekki næst lágmarkspáttaka.

Trúnaðarmannanámskeið

Að venju verða haldin Trúnaðarmannanámsskeið I og II fyrir og eftir áramót en gerð er krafa um að trúnaðarmenn hafi lokið Trúnað-

armannanámsskeiði I áður en farið er á námskeið II. Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt á að sækja trúnaðarmannanámsskeið í eina til tvær vikur á ári. Námskeiðin verða haldin sem hér segir:

Trúnaðarmannanámskeið I

Fyrir áramót 7.10.-11.10. 2002
Eftir áramót 3.2.-7.2. 2003

Trúnaðarmannanámskeið II

Fyrir áramót 11.11.-15.11. 2002
Eftir áramót 3.3.-7.3. 2003

Framhaldsnámskeið

Lífeyrissjóður og tryggingar - persónuvernd

Í fyrra var þeim sem hafa lokið trúnaðarmannanámsskeiði II boðið framhaldsnámskeið sem standa einn til tvo daga og taka á ákveðnu efni sem gott er fyrir trúnaðarmenn að kunna skil á. Við höldum áfram með þessi námskeið í vetur og verðum með tvö námskeið fyrir áramót og tvö eftir áramót. Námskeiðin fyrir áramót eru annarsvegar um lífeyrissjóði og tryggingar þar sem farið er í grundvallaratriði lífeyr-

issjóðakerfilsins, mun á séreignar og sameignarlífeyrissjóðum og samspil lífeyrissjóða við almannatryggingakerfis og frjálsra tryggingar.

Hinsvegar verður um nýtt námskeið að ræða þar sem trúnaðarmönnum verða kennd grundvallaratriði í bréfaskriftum og greinargerðum, en trúnaðarmenn þurfa oft að geta gert grein fyrir einstökum atburðum tengdum sínu starfi með skriflegum hætti bæði vegna vaxandi notkunar tölvusamskipta og eins til að forðast misskilning í málsvatvikum.

Lausn ágreiningsmála á vinnustað – grunnur í bréfaskriftum

Á þeim tveim námskeiðum sem boðið verður uppá eftir áramót verður annarsvegar fjallað um samskiptavanda á vinnustöðum og lausn ágreiningsmála en þar er tekið á málaflokk sem allir trúnaðarmenn lenda í með einum eða öðrum hætti í sínu starfi.

Hinsvegar verður eftir áramót boðið uppá nýtt námskeið um réttarstöðu launafólks í ýmsum álitamálum er snúa að persónuvernd launamannsins s.s. vegna myndavéla á vinnustað, GPS tækja í vinnubílum eða tölvupósts á vinnustað.

Væntanlega verður farið með eitt þessara námskeiða út úr bænum og er þá gíst eina nótt. Nánar verður gerð grein fyrir því með bréfi til trúnaðarmanna.

Framhaldsnámskeið vetrarins verða haldin sem hér segir:

Lífeyrissjóður og tryggingar

26.11.2002.

Bréfaskriftir og greinargerðir

22.10.2002

Persónuvernd og réttarstaða launamanna

Dagsetning auglýst eftir áramót

Samskipti og lausn ágreinings

Dagsetning auglýst eftir áramót

Undirbúningur og stjórn (vinnustaða)funda - virk þátttaka í fundum

Efling mun í vetur standa að tveggja kvöld námskeiði í undirbúningi og stjórn funda ásamt með kennslu í virkri þátttöku í fundum. Ekki síst er námskeiðið hugsað fyrir trúnaðarmenn vegna vinnustaðafunda en námskeiðið verður öllum félagsmönnum opið sem vilja kynna sér og bæta þekkingu í almennri fundarstjórn og hvernig best er að bera sig að þannig að þátt-

taka í fundum verði markviss og ákveðin. Tímasetning verður auglýst síðar.

Sjálfsstyrkingarnámskeið - framhaldsnámskeið

Einhver vinsælustu félagslegu námskeiðin sem Efling stendur fyrir eru sjálfsstyrkingarnámskeið og í vetur verður í fyrsta sinn boðið uppá framhaldsnámskeið í sjálfsstyrkingu. Þessi námskeið eru opin öllum félagsmönnum og standa yfir þrjú kvöld í miðri viku. Í boði verða námskeið fyrir og eftir áramót og er stefnt að alls fjórum grunnnámskeiðum og tveimur framhaldsnámskeiðum í vetur. Nauðsynlegt er að skrá sig sem fyrst á þessi námskeið því eftirspurn hefur alltaf verið meiri en framboð. Athugið að nauðsynlegt er að hafa sótt fyrra námskeiðið áður en hægt er að skrá sig á framhaldsnámskeiðið.

Sjálfsstyrkingarnámskeiðin verða haldin sem hér segir

Sjálfsstyrking I

1., 3. og 8. okt. og 5., 7. og 12. nóv.
kl 19:00 - 22:00

Sjálfsstyrking - framhald

24., 29. og 31. kl 19:00 - 22:00

Dagsetningar eftir áramót verða
auglýstar síðar

Starfslokanámskeið

Efling mun eins og fyrri ár standa fyrir starfslokanámskeiðum fyrir Eflingarfélaga sem eru að nálgast eftirlaunaaldurinn og maka þeirra. Á námskeiðinu er farið í þá þætti sem skipta máli þegar fólk nálgast þennan áfanga í lífinu, að draga úr reglubundnum störfum og taka lífinu með meiri ró. Farið er í réttindi og skyldur gagnvart hinu opinbera, lífeyrissjóðum og þjónustu sveitarfélaga en einnig er tekið á ýmsum félagslegum og heilsufræðilegum þáttum. Námskeiðin, sem taka tvö kvöld (þriðjud. og fimmtud.) og einn laugardagspart verða haldin sem hér segir:

Starfslokanámskeið

15.okt., 17.okt. kl 19:00 - 22:00
og 19.okt. kl 10:00 - 14:00

Starfslokanámskeið

5. nóv., 7.nóv. kl 19:00 - 22:00
og 9.nóv. kl 10:00 - 14:00

Smelltu á www.efling.is



Er alþjóðavæðingin ósigrandi?

eftir Ásgeir Jónsson, hagfræðing



Ásgeir Jónsson hagfræðingur

Því er oft haldið fram að tækniframfarir hafi tengt strönd við strönd í efnahagslífi heimsins og séu aðal orsök in á bakvið aukningu alþjóðaviðskipta á seinni árum. Af þessu sökum geti alþjóðaðróunin ekki gengið til baka, svo fremi sem tækninýjungar falli ekki í gleymsku. Þetta er þó mikil einföldun. Alþjóðavæðingin orsakaðist fyrst og fremst af breytingum á stjórnmálaástandi, ekki aðeins tækni. Helstu frömuðir heimsvæðingarinnar voru ekki tölvusnillingar úr Kísildal í Bandaríkjunum, heldur gráir nafnlausir embættismenn sem sátu á löngum, líklega leiðinlegum fundum og sömdu um niðurfellingu tolla, opnun landamæra og gagnkvæmar reglur í alþjóðaviðskiptum. Staðreyndin er nefnilega sú að öll skilyrði til alþjóðavæðingar hafa verið til reiðu í 150 ár eða allt frá því að samgöngubylting átti sér stað með tilkomu járnbrauta, vélknúinna skipa og skipaskurða. Ennfremur kölluðu símskeyti og samhæfir póstflutningar á sannkallaða upplýsingabyltingu á sama tíma. Eftir þetta varð bæði öruggara og ódýrara að senda vörur og upplýsingar á milli landa. Utanríkisviðskipti uxu hröðum skrefum allt fram til ársins 1914, þegar alþjóðasamvinna sundraðist í kjölfar heimstyrjaldarinnar fyrri. Þá tók við langt tímabil hafta og lokunar á landamærum sem heimsbyggðin hefur smátt og smátt verið að fíkra sig frá. Það er fyrst eftir 1980 sem vöruviðskipti hafa eftir náð svipuðu mikilvægi og þau höfðu um 1913.

Gömul vísa

Samt sem áður var hugtakið alþjóðavæðing mun meira réttnefni á tímanum 1860-1914 en á okkar dögum. Á þessum tíma var einangrun stórra heimshluta rofin í nýlendukapphlaupi sem og vestrænum fjárfestingum um gervalla heimsbyggðanna, og fólksflutningar á milli landa voru nær fullkomlega frjálsir. Hugtakið *alþjóðlegt viðskiptaumhverfi* átti einnig betur



Úr myndasögunni Umhverfis jörðina á 80 dögum

við Ísland í aldamótin 1900 en 2000. Á fyrri tíð voru erlend fyrirtæki mjög umsvifamikil hér-
lendis í sjávarútvegi, verslun, þjónustu og
bankaviðskiptum. Það var hins vegar þjóðin
sjálf sem ákvað að loka efnahagslífinu eftir
1930. Þeir sem studdu markaðsfrelsi á þessum
tíma voru kallaðir íhaldsamir, enda flestir í
eldri kantinum. Unga fólkið hallaðist fremur
að styrku pólitísku aðhaldi í efnahagsmálum.
Þetta var ekki séríslenskt fyrirbrigði, heldur
átti sér hlíðstæður víðs vegar um heiminn.
Þetta minnir á að ekkert er til sem heitir nú-
tímaleg stjórnmálaskoðun, því flest það sem

telst nýtt í pólitík er aðeins gamalt góss sem er endurunnið af nýjum kynslóðum. Þess sjást nú merki að veður séu að skipast á lofti í stjórnmálaheiminum og verulega andstaða sé að skapast gegn alþjóðavæðingu hérlandis sem erlendis.

Umhverfis heiminn

Skáldsagan *Umhverfis jörðina á 80 dögum* eftir Jules Verne er ágætur vitnisburður um hið fyrra tímabil alþjóðavæðingar 1860-1914. Enski heiðursmaðurinn Fileas Fogg tók því veðmáli að komast umhverfis jörðina á svo skömmum tíma og heppnaðist það eftir bardaga við bæði indjana og indverja. En það er lýsandi fyrir heiminn á þeim tíma, að nefndur Fileas gat ferðast að eigin lyst án þess að fara nokkurs staðar í tollskoðun. Hann þurfti heldur ekki að hafa áhyggjur af gjaldeyri, bresku pundin, tryggð með gulli, voru tekin gild um allan heiminn og svo var reyndar um flesta aðra peninga heimsins. Um aldamót 1900 notuðu 89% af heimsbúum gulltryggða gjaldmiðla sem höfðu fast verðmæti alls staðar í veröldinni. Þá má einnig nefna að Fileasi var frjálst að kaupa til Lundúna vörur hvaðanæva úr heiminum, án tolla eða hindrana, og leggja út í fjárfestingar á nánast hverju einasta byggðu bóli í veröldinni með góðu öryggi. Þetta var heimur án hindrana.

Hugtakið alþjóðlegt viðskiptaumhverfi átti einnig betur við Ísland um aldamótin 1900 en 2000. Á fyrri tíð voru erlend fyrirtæki mjög umsvifamikil hérlandis í sjávarútvegi, verslun, þjónustu og bankaviðskiptum. Það var hins vegar þjóðin sjálf sem ákvað að loka efnahagslífinu eftir 1930.



Hins vegar verður vart neitað að Fileas Fogg kom úr yfirstétt. Hann hafði þjón sem sá til þess að húsbóndi sinn gæti klætt sig sem enskum heiðursmanni sæmði hvar sem var. Ferðaöryggi hans í gegnum sumar lendur heimsins var tryggt með evrópskum herjum. Og innfæddir báru hann á burðarstól yfir meginland Afríku. Það eru líklega hlutir af þessu tagi sem sitja helst í huga fólks nú tímum, þegar hugsað er um heiminn fyrir 1914. Hins vegar er mjög vafasamt að líta á fortíðina með lituðu gleri nútíðar. Tekjumunur var óneitanlega meiri þá en nú tíðkast. Hins vegar duldist engum þegar dró að lokum síðustu aldar að hagur alþýðufólks fór hraðfluga batnandi og heldur dró saman en sundur á milli stétta á Vesturlöndum.

Hollur er heimaþinginn baggi

Heimur Fileasar Fogg hrundi eftir að heimsstríð braust út árið 1914. Stríðið sjálft og eftirmálar þess léku þar stórt hlutverk, en hér kemur fleira til. Lýðræði á síðustu öld var yfirleitt bundið við fámennar, vel stæðar stéttir fólks sem tóku alþjóðavæðingunni fagnandi. Þeir sem snauðari voru fengu kjörgengi í upphafi tuttugustu aldar og felldu sig illa við hagsveiflur og annað óöryggi sem alþjóðaviðskiptin mögnuðu upp. Ennfremur spruttu upp róttækir hugsjónamenn sem réðust gegn óréttlæti heimsins, sem þeim fannst speglast í gróðahyggu. Erlendar fjárfestingar voru tengdar við nýlendustefnu í huga fólks, enda segin saga að verstu gróðapungarnir hlutu að vera útlendingar. Þegar veruleg efnahagsvandráði steðjuðu síðan eftir verðfall á hlutabréfamarkaðinum á Wall Street 1929, snerist fólkið frá frjálsum utanríkisviðskiptum.

Þegar kreppan braust út var alþjóðasamvinna í molum eftir auðmýkjandi uppgjafarskilmála á hendur Þjóðverjum. Bretar höfðu fram til þess verið helstu verndarar heimsviðskipta, en skorti slagkraft þegar leið á tuttugustu öld. Bandaríkjamenn voru eina þjóðin sem hefði getað tekið við forystu en skorti alþjóðlega yfirsýn. Þegar kreppan kreppti að Bandaríkjunum var landamærunum lokað með tollum og önnur lönd svöruðu í sömu mynt. Alþjóðaviðskipti drógust saman á mjög skömmum tíma.

Endurtekning sögunnar

Svo virðist sem sagan sé að endurtaka sig og þjóðir heimsins séu að snúast gegn alþjóðavæðingu. Menn skyldu ekki treysta á hagfræðirök til varnar slíkri hugarfarsbreytingu. Allt tal um efnahagslegan ábata verður marklaust ef fólkið kemst á þá skoðun að gróðinn sitji eftir hjá þeim ríku, en dreifist ekki út. Sama á við ef sú vissa kemst á kreik að alþjóðleg samkeppni leiði til samþjöppunar í fyrirtækjarekstri með því að stórir hákarlar gleypi smærri fiska. Ef áhrif alþjóðavæðingarinnar birtast fyrst og fremst í fréttunum um gin-og klaufaveiki, strippbúllur og glæpi innflytjenda þarf ekki af fara í grafgötur með lýðhylli hennar. Flestir meta öryggi mikils og að ráðin séu hjá þeim sjálfum eða hjá þeim stjórnmálamönnum sem þeir kjósa yfir sig. Það sem lýðir heimsins töldu mest á móti alþjóðavæðingunni árið 1930 var að hún færði vald frá fólkinu (og leiðtogum þess) yfir til alþjóðlegra auðhringja sem hugsuðu aðeins um gróða. Sama gagnrýni hefur orðið æ háværi á síðustu misserum, jafnt héraðs sem erlendis. Þess vegna er líklega skammt að bíða að sömu lausnir geti litið dagsins ljós og 1930.

Smelltu á www.efling.is



Úr myndasögunni Umhverfis-jörðina á 80 dögum



Bætt þekking starfsmanna þýðir vönduð vinnubrögð

Áframhald á samstarfi við Menntafélag byggingariðnaðarins

Kynning á grundvallaratriðum í bygginga- og mannvirkjagerð

Starfsafl og Menntafélag byggingariðnaðarins gerðu á síðasta ári með sér samning um menntun sérhæfðra starfsmanna í bygginga- og mannvirkjagerð. Námskeiðunum er ætlað að efla hæfni starfsmanna til þess að hafa betra vald á starfi sínu og starfsumhverfi og auka þannig framtíðarmöguleika þeirra á vinnu-markaði.

Að sögn Hafsteins Eggertssonar hjá Menntafélagi byggingariðnaðarins er námskeiðum skipt niður á fjögur megin svið og eru námskeiðin að jafnaði 5-10 tímar. Boðið verður upp á grunnnámskeið þar sem starfsmaðurinn fær kynningu á bygginga- og mannvirkjagerð og hinum ýmsu störfum innan hans. Þau fjögur megin svið bygginga- og mannvirkjagerðar sem verða tekin fyrir eru vega- og jarðframkvæmdir, nýbyggingasvið, námskeið í viðgerðum og viðhaldi og framleiðslu s.s. steypuframleiðslu, og glugga og hurðaframleiðsla.

Marianna Traustadóttir hjá Starfsaflinu segir námskeiðskostnaðinn að mestu borin af Starfsaflinu - fræðslusjóði Eflingar og atvinnurekenda og hvetur hún félagsmenn Eflingar til að kynna sér námskeiðsáætlun fyrir haustönnuna, þar sem einnig eru upplýsingar um námskeiðsgjöld, námskeiðsstaði o.fl.

Nánari upplýsingar má fá hjá Hafsteini Eggertssyni í síma 552-1040 eða www.mbf.is og Mariönnu hjá Starfsaflinu í síma 510-7543 eða starfsafl@starfsafl.is



Meiraprófið skiptir máli

Bæta stöðu sína innan fyrirtækis

- segir Þórður Adólfsson forstöðumaður Ökuskólans í Mjódd

Konur eiga fullt erindi í meiraprófið, segir Þórður

Margir Eflingarfélagar hafa í gegnum tíðina sótt sér aukinn ökuréttindi (meirapróf) til að

bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Efling hefur um árabil stutt félagsmenn sína til að sækja sér þessi réttindi og með nýjum fræðslusjóðum hækkaði sá styrkur umtalsvert. Fréttablaðinu lék forvitni á að vita aðeins meira um þetta nám og ákváðum að mæla okkur mót við Þórð Adólfsson, forstöðumann Ökuskólans í Mjódd, en ófáir Eflingarfélagar hafa sótt sér þetta nám þangað. Við spurðum fyrst hverjir það væru sem helst sýndu meiraprófi áhuga?

Það eru mest karlmenn á aldrinum 25 til 45 ára sem eru að leita eftir betri atvinnutækifærum. Einnig sýnist mér að konur séu í vaxandi mæli að skoða þennan möguleika. Þær eru ekkert síðri starfskraftar en karlmenn og í mörgum tilfellum er orðið auðveldara að stjórna stórum ökutækjum heldur en einkabílum því að þessi stóru tæki eru orðin mjög tæknivædd og það léttir alla líkamlega áreynslu til muna. Nú eru t.d. nokkrar konur að starfa við akstur strætisvagna og svo hefur verið einhver aukning í verktakastarfssemi og lengi hefur tíðkast að konur keyri leigubíla þannig að þær eiga fullt erindi í meiraprófið.

Er fólk almennt að fara í meirapróf til að breyta um starf eða vegna núverandi starfs?

Mín tilfinning er að þeir sem eru með almennt ökuþróf eða takmörkuð réttindi eru að bæta stöðu sína innan fyrirtækis sem þeir vinna hjá eða að gera sér kleyft að komast í betur launuð störf hjá öðrum fyrirtækjum.

Gefur meirapróf mikla atvinnumöguleika?

Já, auðvitað hefur fólk sem tekur meirapróf meiri atvinnumöguleika. Það getur farið í leigubílaakstur, hópþefreiðaaakstur, vörubifreiðaaakstur bæði hvað varðar flutning og verk-takavinnu og svona mætti lengi telja.

Hve langt er námið og hvaða kröfur eru gerðar til nemenda?

Námskeiðunum er skipt í tvo hluta. Fyrst er bóklegi þátturinn tekinn fyrir þar sem fimm námsgreinar eru kenndar ásamt skyndihjálp og stendur yfir í 5 og $\frac{1}{2}$ viku. Síðan tekur æfingaakstur við sem tekur kannski hálfan mánuð og lýkur með prófi. Fyrirkomulag bóklegu kennslunar sem við köllum áfangakerfi er þannig að það er kennd ein námsgrein í einu og að því loknu er tekið próf í henni. Þetta gefur fólki möguleika á að fara í gegnum námskeiðið á mun lengri tíma því að ef viðkomandi getur ekki sótt eina eða fleiri námsgreinar af einhverjum ástæðum getur hann tekið þær seinna eftir ákveðnum reglum en samt verður að klára námið innan tveggja ára. Ef fólk vill fá nánari upplýsingar getur það snúið sér til okkar, sagði Þórður að lokum.

Smelltu á www.efling.is



Netklúbbur Eflingar

Fer vel af stað

Eflingarfélagar hafa tekið hugmynd stjórnar um netklúbb félagsins afar vel. Netklúbbum er ætlað að vera viðbót við upplýsingamiðlun félagsins til félagsmanna en kostur þessarar boðleiðar er sá að hægt er að koma skilaboðum til félagsmanna með mjög stuttum fyrirvara.

Í haust munum við kynna sérstök tilboð til félagsmanna í netklúbbum ásamt því sem við munum ítreka boð á fundi og samkomur félagsins. Þá er ætlunin að senda netklúbbsfélögum helstu fréttir af starfi félagsins í stuttu máli.

Efling hvetur sem flesta til þess að senda okkur netfang sitt á netfangið gardar@efling.is og óska eftir skráningu í netklúbbinn.

Framkvæmdastjóri Framvegis

Að eiga barn í framhaldsskóla og námskeið fyrir fólk með lesörðugleika

Viðtal við Björgu Árnadóttur



Björg Árnadóttir framkvæmdastjóri.

Við reynum að bjóða viðtæka endur- og símenntun hér hjá Framvegis. Mig langar að benda sérstaklega á áhugaverð námskeið sem tengjast skólastarfi og kennslufræðum. Hér verður t.d. námskeið fyrir fullorðin fólk sem á við lesörðugleika að stríða, en þeir eru fjölmargir og mörgum er þetta ennþá feimnismál. Sérkennarar Fjölbrautaskólans við Ármúla á sviði lesblindu munu styðja og styrka þetta fólk auk þess að þjálfa lesturinn. Einnig ætla námsráðgjafarnir hér við skólann að halda námskeiðið **FORELDRAR — UNGLINGAR — SKÓLI**. Um er að ræða hagnýtt námskeið fyrir foreldra sem vilja fylgjast með námi unglinganna sinna og skilja betur framhaldsskólakerfið.

Saga námskeiðshalds í Fjölbrautaskólanum við Ármúla er sú að fyrir um áratug var farið að bjóða starfandi sjúkraliðum endurmenntunarnámskeið sem urðu mjög vinsæl. Síðan fór aðrar heilbrigðisstéttir sem útskrifast héðan að sækjast eftir námskeiðum, en skólinn er kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum. Þetta var orðin töluvert umfangsmikil starfsemi því heilbrigðisstofnanir sóttust líka eftir sérsniðnum námskeiðum og sívaxandi ásókn var í tölvunámskeið sem hér voru í boði. Heilbrigðis- og tölvunámskeiðin voru því grunnur að símenntunarmiðstöð hér við skólann, segir Björg Árnadóttir, framkvæmdastjóri Framvegis - miðstöðvar um símenntun í Reykjavík, sem starfrækt er í Fjölbrautaskólanum við Ármúla.

Smelltu á www.efling.is

Símenntun metin til eininga

Árið 1999 varð skólinn þróunarskóli í upplýsingatækni og því var mjög mikið um að vera á því sviði og farið var að bjóða kennurum þessa skóla og annarra námskeið um hvernig nota má tölvur í kennslu. Síðan tókum við að okkur samstarfsverkefni við Háskóla Íslands um að kenna þar upplýsingatækni í skólastarfi.

Ég var ráðin hingað til skólans árið 2000 til að sjá um þetta háskólaverkefni og annað námskeiðshald. Við stofnuðum svo sérstakt fyrirtæki innan skólans ári síðar á tuttugu ára afmæli skólans þann 7. september 2001. Auk námskeiða í heilbrigðisgreinum og upplýsingatækni höfum við haft ýmis námskeið fyrir almenning. Það kemur til af því að kennarar skólans hafa ýmsar hugmyndir um efni sem þeir vilja kenna og einnig erum við í góðu samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og höfum fengið námskeið þaðan.

Einnig erum við í sívaxandi mæli að reka námskeið fyrir aðra, t.d. er nú að byrja 260 tíma nám fyrir stuðnings- og meðferðarfulltrúa í samstarfi við Starfsmannafélag ríkisstofnana. Okkur finnst umtalsverðir kostir felast í því að framhaldsskóli sjái um sí- og endurmenntun. Skólinn býr að reyndu og menntuðu kennaraliði, aðstaðan er góð og við getum metið námskeiðin okkar til eininga á framhaldsskólastigi.

Sjálf er ég því fylgjandi að nám fullorðinna sé metið á heildstæðan hátt þannig að hægt sé að safna námskeiðum í sarpinn. Hér á landi ríkir engin ákveðin stefna í þessum málum en mikil umræða er um þau meðal þeirra er sinna fullorðinsfræðslu.

Silfursmiðin vinsælust

Í haust verða hjá okkur miklar breytingar. Í fyrsta lagi erum við að setja upp fjarkennslubúnað þannig að við getum sjónvarpað kennslustundum vítt og breitt um landið, en einnig eru mörg námskeiða okkar kennd í fjarkennslu um tölvur. Í öðru lagi er verið að setja hér upp margmiðlunarver þannig að við getum haft fjölbreyttari tölvunámskeið í gangi. Í vetur verða því haldin hér margmiðlunarnámskeið fyrir almenning, t.d. um stafræna ljósmyndun og myndbandagerð. Svo eru hér ýmis önnur námskeið fyrir almenning t.d. námskeið í silfursmíðum sem kemur frá Fræðsluneti Austurlands. Þar er kennt að smíða víravirkisgripi. Þetta er vinsælasta námskeiðið sem við höldum og fyllist í hvert sinn sem það er haldið.

Björg Árnadóttir er framkvæmdarstjóra Framvegis, sem er miðstöð um símenntun í Reykjavík

Starfsmatskerfi hjá Reykjavíkurborg

Metum á sama grunni ýmsar starfsstéttir, þar sem ólík krafa er gerð um menntun, ábyrgð, og álag

- segir Guðrún Halldóra Sveinsdóttir



Guðrún Halldóra Sveinsdóttir

Í síðustu kjarasamningum við Reykjavíkurborg var m.a. samið um starfsmatskerfi sem á að ná árangri varðandi það langtímamarkmið að greiða sömu laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf hjá öllum stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar. Sameiginleg samstarfsnefnd Eflingar - stéttarfélags, Tæknifræðingafélagsins og Reykjavíkurborgar hefur síðan unnið að útfærslu kerfisins. Fyrir hönd borgarinnar hefur Guðrún Halldóra Sveinsdóttir haldið utan um verkið. Eflingarblaðið vildi forvitnast um þetta nýja kerfi og tók Guðrúnu tali og spurði fyrst um aðdraganda verkefnisins.

Við undirbúning kjarasamningaviðræðna 2000/2001 setti samninganefnd borgarinnar launajafnrétti sem eitt af höfuðmarkmiðunum. Ég var fengin til þess í lok ársins 2000 að skoða og meta þau starfsmatskerfi sem notuð eru af sveitarfélögum í nágrennalöndunum. Breska starfsmatið Single Status var talið hentar okkur best. Í kjarasamningum 2001 var síðan samið við Eflingu-stéttarfélag, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Tæknifræðingafélag Íslands um að taka þetta starfsmatskerfi upp 1. desember 2002.

Hvernig er kerfið byggt upp?

Starfsmatið, sem hefur fengið heitið SAM-STARF, metur með samræmdum hætti þær kröfur sem gerðar eru til starfs eftir þrettán þáttum. Með þessu verður hægt að meta á sama grunni fjölbreyttan hóp starfa úr ýmsum starfsstéttum, þar sem ólík krafa er gerð um menntun, ábyrgð, og álag.

Hvernig gengur vinnan við starfsmatið hjá Reykjavíkurborg?

Vinnuhópurinn er langt kominn með aðlögun á starfsmatinu þannig að óðum styttest í forprófanir á kerfinu. Hins vegar er ljóst að öll vinna við starfsmatið, hugbúnaðinn utan um það og annað tengt efni eins og handbók og kynningarefni er mun umfangsmeiri en áætlað hafði verið.

Til hvaða starfshópa nær starfsmatið?

- Starfsmatið er hannað til að ná til allra starfa sem unnin eru hjá sveitarfélögum að undanskildum æðstu stjórnendum, það nær því til allra starfahópa innan Eflingar að undanskildum þeim sem starfa við ræstingar í tíma-mældri ákvæðisvinnu enda laun þess hóps ákvörðuð á öðrum grunni.

Ýtrustu kröfur um kynhlutlaust starfsmat

Teljið þið þetta vera réttlátt starfsmat gagnvart kynjum og störfum?

Við teljum það uppfylla ýtrustu kröfur sem kynhlutlaust starfsmat og það er viðurkennt sem slíkt. Í því sambandi ber að nefna að starfsmatið var hannað í samvinnu sérfræðinga vinnuveitenda, sérfræðinga stéttarfélaga og sérfræðinga breska jafnréttisráðsins og jafnréttisráðs kynþátta þar í landi.

Sanngjörn niðurstaða fæst einnig með því að fylgja eftir nokkrum lykilatriðum.

- Að hafa allar reglur um starfsmatið skýrar, einfaldar og aðgengilegar.

- Samræmdri meðferð gagna. Starfsmatið vinnur eins gagnvart öllum sem fara í starfsmatið. Spurningar eru lokaðar og ferlið við mat er hið sama í öllum tilvikum þannig að ekki verður misræmi gagnvart starfsfólki í meðferð matsins. M.ö.o. það verða engir Jónar og Séra Jónar.

- Starfsmatsnefnd skipuð fulltrúum Reykjavíkurborgar, Eflingar- stéttarfélags, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Tækni- fræðingafélags Íslands fer yfir niðurstöður starfsmatsins og samþykkir þær. Starfsmatsnefndin tekur einnig tillit til athugasemda og gerir ef þörf er á nauðsynlegar aðlaganir svo niðurstaða úr starfsmatinu verði réttlát. Allar slíkar breytingar þurfa að vera vel rökstuddar.

Munu allir færast til í launum þegar kerfið verður tekið upp?

Nei, það færast ekki allir til í launum við innleiðingu starfsmatskerfisins og það er ekki

vitað fyrirfram hversu stór hópur starfsmanna fær hækkun launa við starfsmatið.

Samningsaðilar hafa ákveðið að ráðstafa ákveðnu fjármagni á samningstímabilinu til launaleiðréttinga samkvæmt starfsmatinu og nefnd samningsaðila ákveður hvernig þessum fjármunum verður ráðstafað. Í þessu sambandi er vert að taka það fram að Reykjavíkurborg hefur samið um það við félögin að það lækkar enginn í launum við innleiðingu á starfsmatinu.

Í síðustu kjarasamningum Eflingar og Reykjavíkurborgar var samið um að starfsmatið tæki gildi 1. desember 2002. Mun matið þá verða afturvirk?

Já, það verður afturvirk. Þótt niðurstöður liggi ekki fyrir fyrr en í mars/ apríl þá verða laun leiðrétt í samræmi við niðurstöður frá og með 1. desember 2002.

Hvernig er kynningu á verkefninu háttað?

Fyrst ber að nefna kynningu til stéttarfélaganna og trúnaðarmanna þeirra. Sú kynning er þegar hafin og við verðum með áframhaldandi kynningar til þess hóps þar til starfsmatið hefur verið tekið upp. Þar má nefna að stefnt er að því að halda stóran kynningarfund fyrir þessa aðila í lok ágúst/ byrjun september. Einnig verður kynning meðal starfsmannastjóra og yfirmanna stofnana Reykjavíkurborgar ásamt sérstakri kynningu til starfsmanna og útgáfu á fræðslu og kynningarriti vegna starfsmatsins.

Tölvunámskeið fyrir Eflingarfélaga

- Grunnámskeið fyrir Eflingarfélaga á 4 - 7 þúsund krónur



Skólastjóri Tölvu og verkfræðipjónustunnar undirbýr vetrarstarfið í skólanum.

Efling-stéttarfélag hefur samið við Tölvu- og verkfræðipjónustuna, Grensásvegi 16a um sérkjör fyrir félagsmenn Eflingar-stéttarfélags. Á styttri námskeiðum er boðið upp á 15% afslátt af verðum.

Tölvu- og verkfræðipjónustan býður upp á fjölmörg tölvunámskeið á ári hverju. Lætur nærri að fjöldi námskeiða sé um 500 á ári. Um er að ræða bæði lengra nám og styttri námskeið. Eflingarfélagar fá afslátt af öllum námskeiðum, en mestan afslátt af styttri námskeiðunum. Námskeiðin eru bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Meðal helstu námskeiða er námskeiðið Windows, Word og Internetið. Þar er farið í grunnatriði eins og Windows, ritvinnsluna WORD, Netið og tölvupóst. Lögð er áhersla á skemmtilega nálgun og hagnýt verkefni fyrir byrjendur.

Einnig er í boði kennsla á ritvinnslukerfið Word á tveimur námskeiðum Word I og II. og reikniforritið Excel er kennt á fimm námskeiðum Excel I, II a, II b II c og III ásamt námskeiði í glærugerðarforritinu Power Point. Sérhæfðari námskeið eru tvö, námskeið um gagnagrunnskerfin Access og File Maker. Einnig er boðið upp á námskeið í Vefsíðugerð, myndvinnslu og umbroti.

Sem dæmi um verð má nefna Tölvugrunn, sem er 15 klukkustunda langt námskeið og kostar fyrir Eflingarfélaga kr. 17.900 (almennt verð er kr. 21.040). Félagsmenn geta sótt um styrki til fræðslusjóða Eflingar til þess að mæta kostnaði við námskeiðin. Fullgildir félagsmenn eiga rétt á 60-75% styrk. Námskeiðið kostar félagsmann þá frá kr. 4.475-7.160.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Tölvu- og verkfræðipjónustunnar fyrir þá, sem vilja sækja um styrkinn um leið og þeir ganga frá greiðslu námskeiðsins. Séð verður um að koma styrkbeiðnum til skila til Eflingar-stéttarfélags. Styrkurinn er lagður inná reikning viðkomandi gegn framvísun kvittunar fyrir greiðslu námsgjalds og staðfestingu á að félagsmaðurinn hafi lokið námskeiðinu.

Skráning og frekari upplýsingar má fá hjá Tölvu- og verkfræðipjónustunni í síma 520-9000 eða á heimasíðu þeirra www.tv.is

Smelltu á www.efling.is

Menntun olúfélaganna og Eflingar á öðru starfsári

Efling og Starfsafli í samvinnu við olúfélögin standa nú annað árið í röð fyrir sérstökum námskeiðum fyrir Eflingarfélaga sem vinna hjá olúfélögunum. Námið er starfsmönnum en þeir sækja námið í eigin tíma eða vinnutíma eftir því hvernig stendur á vöktum hjá þeim. Olúfélögin greiða starfsmönnum laun þegar námið fer fram í vinnutíma, en starfsmenn leggja fram tíma sinn þegar námið fer fram í vaktarfrí. Bæklingur með námsframboðinu er væntanlegur í byrjun september og verður honum dreift til allra Eflingarfélaga, sem starfa hjá olúfélögunum.

Á haustönn 2002 eru í boði eftirtalin námskeið:

Tölvugrunnur 22 kst.

23., 25., 30. sept. og 2. og 4. okt. kl. 13.00-16.00
Tölvu- og Verkfræðipjónustan,
Grensásvegi 16.

WORD I 22 kst.

7., 9., 14., 16. og 18. október kl. 13.00-16.00
Tölvu- og Verkfræðipjónustan,
Grensásvegi 16

Íslenska og tölvupóstur 20 kst.

28., 30., okt. og 4. og 6. nóv. kl. 13.00-16.45
Mímir-Tómstundaskólinn, Öldugötu 23

Próun bílsins og breytt þjónusta 10 kst.

6. og 7. nóvember k.. 8.00-12.00
Fræðslumiðstöð bílgreina, Gylfaflöt 19

ADR námskeið-flutningur á hættulegum farmi

Réttindanámskeið Vinnueftirlits ríkisins
11., 12. og 13. nóvember kr. 9.00-17.00
Grensásvegur 16 a. III. hæð.

Sjálfsstyrking til náms 4 kst.

verður í boði innan hvers olúfélags fyrir sig.
Dagsetningar verða ákveðnar síðar.

Einkatímar vegna lesblindu

Í boði verður greining og ráðgjöf fyrir þá sem eru með lestrarerfiðleika og lesblindu.

Nánari upplýsingar veitir Marianna hjá Starfsafli í síma 510-7543 eða marianna@starfsafi.is.

Sönghópurinn Plútó gaf út plötu

Seldist upp á augabragði

- segir Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir, sem hefur starfað við ræstingar í 18 ár í Þjónustuíbúðum aldraðra á Dalbraut 27.

Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir

Við hefðum aldrei getað þetta nema með góðum stuðningi kennara, ættingja og vína



Sönghópurinn Plútó sem er skipaður ellefu nemendum úr fullorðinsfræðslu fatlaðra gaf út sinn fyrsta geisladisk fyrir skömmu og að því tilefni hélt heimildarmaður blaðsins til fundar við einn söngfuglinn Hildigunni Jónínu Sigurðardóttur þar sem hún var að vinna við ræstingar í Þjónustuíbúðum aldraðra á Dalbraut 27 og bað hana að segja frá þátttöku sinni í sönghópnum og tildrögum þess að þau réðust í að gefa út geisladisk.

Hilla eins og hún er oftast kölluð, sagði að hún hefði byrjað að æfa með söngfélögunum fyrir tíu árum en síðustu sex árin hefðu þau komið fram opinberlega undir nafninu Plútó. Við höfum meðal annars sungið á tónleikum í Ráðhúsinu í Reykjavík, á jólatónleikum og vortónleikum og við ýmis önnur tækifæri. Það eru sjö söngvarar í hópnum og fjórir hljóðfæraleikarar sem öll koma úr fullorðinsfræðslu fatlaðra og svo nokkrir kennarar úr skólanu.

Við æfum einu sinni í viku yfir vetrartíman en á sumrin eigum við frí. Síðastliðið vor gáfum við svo út geisladisk með 18 hressilegum og skemmtilegum lögum úr ýmsum áttum sem flestir þekkja eins og t.d. *Guantanamera*, *Vor í Vaglaskógi*, *Tvær úr tungunum*, *Maístjörnuna*, *Kenndu mér að kyssa rétt*, þar sem ég syng sóló, og fleiri lög. Diskurinn kom út í rúmlega 300 eintökum og seldist upp á augabragði, en ég er að vona að það fáiist samþykkt hjá nýrri stjórn skólans að gefa hann aftur út og þá getum við svarað eftirspurninni frá þeim sem vilja eignast geisladiskinn.

Við hefðum aldrei getað þetta nema með góðum stuðningi frá kennurum skólans og ættingjum og vinum sem hafa reynst okkur frábærlega vel. Í haust byrjum við svo að æfa fleiri lög til að hafa fjölbreyttara lagaval á efnisskránni fyrir næstu tónleika og kannski kemur annar geisladiskur seinna.

Fyrir um tveim árum fórum við til Arhus í Danmörku og héldum tvenna tónleika við góðar undirtektir áheyrenda og að fenginni þeirri reynslu væri gaman að fara í fleiri tónleikaferðir til útlanda, sagði Hilla að lokum.

Hildigunnur Jónína Sigurðardóttir hefur starfað við ræstingar í 18 ár í Þjónustuíbúðum aldraðra á Dalbraut 27.

Upplýsingaveita um námsframboð á vefnum

Altt námsframboð á Íslandi á einum stað

Um þessar mundir er Mennt - samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla að setja af stað rafræna upplýsingaveitu um námsframboð. Þetta þýðir að allir sem hafa aðgang að internetinu geta farið inná heimasíðuna mennt.is og fengið þar heildaryfirlit yfir möguleika á námi í landinu, allt frá tólmstundanámi upp í háskólanám. Tryggvi Thyer hjá Mennt hefur haft umsjón með verkinu og við spurðum hann um það hverjum þetta myndi helst nýtast.

- Öllum sem vilja bæta einhverri þekkingu við sig með því að sækja sér nám eða námskeið af einhveru tagi. Um er að ræða gagnabanka sem hýsir upplýsingar um nám sem í boði er á Íslandi eftir að grunnskólanámi lýkur, bæði nám innan hins hefðbundna skólakerfis svo og námskeið sem hægt er að stunda á almennum markaði. Upplýsingavefurinn mun því nýtast jafnt þeim sem leita eftir námi eða námskeiði, þeim sem skipuleggja námskeiðahald og þeim sem bjóða upp á nám.

Þarf ekki að vera tölvusérfræðingur til að nýta sér þennan upplýsingavef?

- Nei, upplýsingavefurinn er með einföldu notendaviðmóti og er því aðgengilegur öllum sem hafa aðgang að tölvu og Interneti, og er þjónusta við notendur ókeypis. Oft hefur reynst erfitt fyrir almenning að fá heildarsýn yfir það framboð á námi eða námskeiðum sem í boði er. Nú er hægt á einum stað að nálgast upplýsingar um nám hvort sem leitað er almennt í gagnagrunninum, t.d. leitað eftir enskunámi á öllu landinu eða gerð sértæk leit, t.d. leitað eftir byrjunaráfanga í ensku á Vestfjörðum. Notendur geta borið saman framboð, verð og gæði því upplýsingarnar eru á stöðluðu formi sem einfaldar allan samanburð fyrir notandann. Einnig er skráninga- og greiðslukerfi á upplýsingavefnum og notendur geta því bæði skráð sig í nám eða á námskeið á netinu og jafnframt greitt fyrir.

En þeir sem vita ekki hvað þeir vilja læra en vilja bæta einhverri þekkingu við sig?

- Fyrirhugað er að þróa „rafrænan námsráðgjafa“ sem verður þannig hannaður að einstaklingurinn svarar nokkrum spurningum og niðurstöður greiningar sýna áhugasvið viðkomandi. Rafræni námsráðgjafinn beinir síðan einstaklingunum inn á ákveðna braut í vali á námi eða námskeiðum sem sækir síðan námsleiðir inn í gagnagrunn upplýsingavefsins, sagði Tryggvi að lokum.

Þá er bara að smella á mennt.is og prufa sig áfram!



Þóra Sigurðardóttir, skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík

Góð reynsla komin á námskeið skólans

Þóra Sigurðardóttir, skólastjóri Myndlistaskólans

Myndlistaskólinn í Reykjavík er sjálfseignarstofnun, rekin af myndlistarmönnum og nýtur viðurkenningar menntamálaráðuneytis og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Þar er boðið upp á nám í námskeiðaformi fyrir fólk á öllum aldri, jafnt byrjendur sem lengra komna, frá 6 ára aldri. Fréttablað Eflingar heimsótti Þóru Sigurðardóttur, skólastjóra til að fræðast um starfsemina, en í skólanum er fjölbreytt námskeið í myndlist fyrir börn, unglinga og fullorðna.

Áð sögn skólastjóra eru námskeið fyrir fullorðna að jafnaði á kvöldin og er kennt í grunnatriðum teikningar, ásamt því að boðið er upp á nám í ýmsum undirstöðugreinum sjónmennta, teikningu, leirmótun, keramik, meðferð olfu- og vatnslita, formfræði, hönnun og fleiru. Námskeið fyrir börn og unglinga eru síðdegis og þar eru börnunum kynntar aðferðir myndlistarinnar til tjáningar, leiks og túlkunar ásamt því að kynna þeim fjölbreytt efni til úrvinnslu. Námskeiðin eru ítarleg og ná yfir lengri tíma. Annir eru tvær á vetri, haust- og vorönn og eru 14 vikur hvor. Áhersla er lögð á að þeir nemendur sem eru byrjendur kynnist grunnvallaratriðum sjónmennta á teikninámskeiðum skólans eða geti sýnt fram á að þeir hafi sótt sér námskeið eða áfanga í grunnatriðum áður en þeir skrá sig inn í framhaldsnámskeið.

Á haustönn 2002 er boðið upp á nýjung, en það eru 6 vikna námskeið fyrir þá sem eru að feta fyrstu skrefin inn í heim myndlistar og hönnunar. Á það við um námskeið í módelteikningu, leirmótun og litafræði. Áfram er þó boðið upp á 14 vikna námskeið í leirmótun og módelteikningu fyrir þá sem ætla sér að ná fastari tökum á viðfangsefninu, eða eru að búa sig undir frekara nám.

Teikninámskeiðin þ.e. hlutateikning eru 14 vikna, enda komin góð reynsla á þá ítarlegu kennslu sem þar fer fram. Sá grunnur sem byggður er upp á þeim námskeiðum undirbyggir hvort sem er tómstundastarf eða frekara nám. Teikningin stuðlar að virkri og skapandi hugsun og ýtir undir skilning á umhverfi þess sem hana stundar.

Á teikninámskeiðunum kynnast nemendur sígildum aðferðum til þjálfunar huga og handar, greiningu forma, hlutfalla og rýmis og öðlast með því tæki til að setja hugmyndir sínar fram á skiljanlegan og greinagóðan hátt. Að loknum teikninámskeiðum er nemendum frjálst að velja sína námsleið.

Námskeið fyrir fullorðna eru metin til eininga innan framhaldsskólastigsins og eru einnig víða metin til eininga í atvinnulífinu. Skólinn hefur gert þjónustusamning við menntamálaráðuneytið um rekstur fornámsdeilda, þar sem boðið verður upp á eins ár heilstætt nám í dagsskóla til undirbúnings námi á háskólastigi og í sérskólum sagði Þóra að lokum.



Kjarasamningsbundin námskeið launaflokkannámskeið

- fyrir starfsmenn hjá Reykjavíkurborg og á Landspítala

Leikskólar

Fagnámskeið I verður haldið 3-14.febrúar 2003 kennt verður frá kl.8:45-16:00

Fagnámskeið II verður haldið 5-23. maí 2003
kennt verður frá kl.8:45-16:00

Heimþjónusta

Fagnámskeið II verður haldið 17.sept-16.okt
Kennt verður á morgnana kl.8:45-12:10
Innritun hjá deildarstjórum

Umönnun aldraðra og fatlaðra

Fagnámskeið I verður haldið 1.okt- 13.nóv
Kennt verður frá kl.14:00-18:00 á þriðju-
daga,
miðvikudaga og fimmtudaga hjá Náms-
flokkum Reykjavíkur

Fagnámskeið II verður haldið 12.febrúar-19.mars 2003 kennt verður á mánud,
þriðjud, miðvikud, og fimmtudögum
kl.13:00- 17:15. Þessi tímasetning er gerð í
tilraunaskyni vegna erfiðleika við mönnun
á námskeiðstímum.

Eldhús, ræsting,bytibúr og þvottahús

Fagnámskeið I verður haldið 3.okt-28.nóv
kennt verður frá kl.14:00- 17:40 kennt verð-
ur á þriðjudögum og fimmtudögum í Náms-
flokkum Reykjavíkur

Fagnámskeið II verður haldið 10.mars-9.apríl. kennt verður á mánud, þriðjud, mið-
vikud,og fimmtudögum kl. 13:00- 17:15.
Þessi tímasetning er gerð í tilraunaskyni
vegna erfiðleika við mönnun á námskeiðs-
tímum.

Smelltu á www.efling.is

Undirstaða réttlig fundin - URF

- Þarfagreining og námskeið í málmiðnaði



Tækniþróun er ör í málmiðngreinum og nauðsynlegt fyrir alla starfsmenn í greininni að ná tökum á tækninni

Efling - stéttarfélag og Starfsafl í samstarfi við Fræðsluráð málmiðnaðarins og fleiri fengu á síðasta vetri Gallup til þess að gera úttekt og þarfagreiningu í málmiðnaði. Tilgangur verkefnisins var að skoða starfsgreinina með það að markmiði að geta sett fram beinar tillögur um námskeið fyrir félagsmenn Eflingar og fleiri. Tuttugu fyrirtæki voru heimsótt og rætt við yfir 60 starfsmenn ásamt því sem settir voru á sérstakir rýnihópar þar sem kafað var ofan í starf málmiðnaðarmannsins og skoðað hvar þeir þyrftu helst að bæta þekkingu sína og hæfni. Sett hefur verið saman skýrsla um þessa úttekt sem Efling mun byggja á stefnumörkun í starfsnámi fyrir félagsmenn sem vinna við málmiðnaðarvélverk og framleiðslugreinum. Nú þegar hefur verið ákveðið að vinna í samvinnu við Fræðsluráð málmiðnaðarins að námskeiðum í meðferð stórvirkra vinnutækja, öryggismálum, efnismeðferð og gæðastjórnun.

Námskeiðin verða haldin í samvinnu við fyrirtæki í greininni en að mestu kostuð að Starfsafl. Nánari upplýsingar gefur Marianna Traustadóttir hjá Starfsafl í síma 510-7543/860-4487 eða marianna@starfsafl.is



Gylfi Einarsson

Stjórnendur fyrirtækja þurfa að huga betur að endurmenntun starfsmanna

- segir Gylfi Einarsson starfsmaður Fræðsluráðs málmiðnaðarins

URF verkefnið á sér upphaf í því að Efling - stéttarfélag bar sig upp við Fræðsluráð málmiðnaðarins með hina nýju fræðslusjóði sem samið var um í síðustu kjarasamningum og óskuðu eftir samvinnu um þróun á námsframboði fyrir sitt fólk í málmiðnaðargreinum. Við fengum fleiri aðila til samstarfs og úr varð þetta stóra þarfagreiningarverkefni - URF - sem Gallup framkvæmdi undir sérstakri verk-

efnastjórn sem sett var á laggirnar.

Hverjar voru svo megin niðurstöður verkefnisins?

Margir almennir starfsmenn m.a. Eflingarfélagar töldu sig oft vera setta til hliðar í endurmenntun þó þeir gegni mjög mikilvægum störfum. Sem dæmi var nefnt vinna við að búa skip undir málningu og mála þau. Það er ekki fjarri lagi að málning á meðal togara kosti um tvær milljónir og því hlýtur að vera mikilvægt að öll vinnubrögð séu góð. Hver dagur sem togarar eru frá er dýr og ending málningarinnar ræðst mikið af réttum vinnubrögðum. Samt er þessum mönnum oft ekki kennt neitt. Oft virðist sem námskeið starfsmanna séu einhverskonar bónus frekar en hluti af starfsmannapróun og þekkingarlegri uppbyggingu fyrirtækja. Vonandi er þetta að breytast og uppbygging nýrra námskeiða í samvinnu við Eflingu og Starfsafl verður vonandi hluti af þessu breytingarferli sagði Gylfi að lokum.

.....

URF - undirstaða réttlígun fundin

Heiti verkefnisins er tekið úr kvæðnu Lilju eftir Eysteín Ásgrímsson munk í Þykkvabæjarklaustri (d.1361). En kvæðið mun hann hafa ort sér til yfirbótar eftir að hafa barið ábóta sinn til óbóta.

Viðtal við Gylfa Pál Hersi félagsmann í Eflingu sem tók þátt í rýnihóp vegna þarfagreiningar í málmiðnaði



Gylfi Páll Hersir

Í verkefninu kom skýrt fram áhugi á auknum aðgerðum á sviði öryggismála. Þar eigum við að vinna saman innan verkalyðshreyfingarinnar. Við eigum að útskýra fyrir hvort öðru hættur af þeim efnum og tækjum sem við notum og að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar.

Það sem mér fannst best var að hitta verkafólk frá öðrum vinnustöðum og annars staðar af landinu og skiptast á reynslu og skoðunum. Verkafólki, faglærðu sem ófaglærðu, er nauðsynlegt fá tækifæri til að hittast, ræða saman og miðla reynslu sinni. Til þess gefast alltof fá tækifæri, sagði Gylfi Páll Hersir.

	MYNDA- TEXTI	DÖR KLEGGAR LEIÐI MÖGI	HÓPI PLANTA TENN	REIKA LEGN- BARNUM BIFA	ANERA ANDAM	ÓÐDEGG IN- EIN- SAMIA	HIRB BRÖI	ORSAK- LEGG KANN HÆFT	GLUB				
DRETTA- ARI				7									
BRINDI GLITRA							3						
HAM- INGJA RÖBULL		5	V						LAYS- LA VITA				
HEMI- KRANA					V					KALDA BAPLA SMARKE	RYK SVAMM	MUDD- ADI DAUDI	KATTA BPIA- STETT DÖMA
IBN. ANDUR TULUNN					12			V					
STÓÐI ←		V		V	NRANA GJALL		V						
BETTU VIB LEPARR					ÓJAFNA KROTA MELI- EINING	V				V	9		
HALAIN EKRA SPRINKL	+							V					
SONUR			V		1				11		EINK.ST. NAUM- AET	V	
OKI		V		V			KARL SAGJÖR			V			
STAFUR			KARL MÖGL HESTUR		8			ILATIN LJÓMI			6	V	
FORN MÖRUL- ILANA VROD													
LEAT- FRAM	+				DANS MÖL- LITIE				EINS FUM		SERHL. HVILDI		
ÖNGJALA ←		10				GLUFA BÖSNA HÓTI							
SVARILA ←				SAMET. SIDA	2		ARKK SVAR			V	ARALM NID		
■	L							→			FLJÓT FLAN	V	
■	SAMST.							EINS					
KROKAN- ARA AN KEN- LEGT				4					ORUBI- AR				
ARUNTI ANJUNG DÝRKA													
●	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	●

Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:


Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum
Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag /Krossgátan • Sættún 1 • 105 Reykjavík
Svar þarf að berast fyrir 1. nóvember nk.



Sólrún Jónsdóttir starfsmaður á LSP í Fossvogi var vinningshafi í krossgátuni að þessu sinni. Þegar Sólrún var spurð að því hvað hún ætlar að gera við vinninginn var hún fljót að svara. Hún ætlar að eyða honum í sjálfa sig.

Lausn síðustu krossgátu



NÁMSKEIÐ	FYRIR HVERJA?	HVEN/ER?	TÍMI	LENGD	UPPLÝSINGAR, OG BÓKANIR	SAMSTARFS-ADILAR	SÍÐ BLS
----------	---------------	----------	------	-------	-------------------------	------------------	---------

3 Starfsmenntun	Framreiðsla Jarðlagnaðækni	Eflingarfólk í hótél og veitingastofrum Starfsm. við jarðvinnu (lagur og línur)	Sept. og okt. Auglýst síðar		3 stundir	Starfsafl Efling - stéttarfélag Starfsafl	Fræðsluútd. hótél og mæivælag. Fræðslumiðst. atvllísins	37
	Hlaðmenn	Eflingarfélagar hjá flugfélögum	Auglýst síðar		300 stundir	Starfsafl		
	Olúfélögin	Eflingarfélagar hjá olúfélögum	Sept. - nóv.			Starfsafl	MFA	57
	Ræsting	Starfsfólk við ræstingar	Nóv.	Eftir hádegði Eftir hádegði	26 stundir	Efling - stéttarfélag	MFA	32
	Mötuneyti	Starfsfólk í almennum mötuneytum	Nóv.		26 stundir	Efling - stéttarfélag	MFA	32
	Áhaldahús Kópavogur/Seltj. nes	Eflingarfélagar áhaldahúss	Auglýst síðar			Efling - stéttarfélag	MFA	
	Sorpa	Eflingarfélagar hjá Sorpu	Auglýst síðar			Efling - stéttarfélag	MFA	
	Leikskólar, fagnámskeið I	Starfsmenn leikskóla	3.-14. feb.	8:45-16:00		Leikskólar Rvk.	Námsflokkar Rvk.	61
	Leikskólar fagnámskeið II	Starfsmenn leikskóla	5.-23. maí	8:45-16:00		Leikskólar Rvk.	Námsflokkar Rvk.	61
	Heimþjónusta Fagnámskeið II	Starfsmenn heimþjónustunnar	17. sept. - 16. okt.	8:45-12:10		Innr. hjá deildarsfj.	Námsflokkar Rvk.	61
	Umönnun aldr. og fatlaðra I	Fagnámskeið I	1.okt- 13. nóv	14:00-18:00		Efling - stéttarfélag	Námsflokkar Rvk.	61
	Umönnun aldr. og fatlaðra II	Fagnámskeið II	12. feb.-19 mars	13:00-17:15		Efling - stéttarfélag	Námsflokkar Rvk.	61
	Eldhús, ræsting, býtið. og þvottah.	Fagnámskeið I	3.okt.-28. nóv.	14:00-17:40		Efling - stéttarfélag	Námsflokkar Rvk.	61
	Eldhús, ræsting, býtið. og þvottah.	Fagnámskeið II	10. mars-9.apríl	13:00-17:15		Efling - stéttarfélag	Námsflokkar Rvk.	61
	Málmíðnaður	Starfsmenn í málmíðnaði	Auglýst síðar			Starfsafl	Fræðslur, málmíðnaðarins	62
	Byggingaríðnaður	Starfsmenn í byggingaríðnaði	Auglýst síðar		5 - 10 stundir	Starfsafl	Menntafél. byggingaríðn.	48

2 Almennt nám og námsráðgjöf	Grunnmentaskólinn	Alla félagsmenn	Sept. - mars		300 stundir	Efling - stéttarfélag	MFA	36
	Landnemaskólinn	Erlenda félagsmenn /Nýbúa	Eftir áramót		250 stundir	Efling - stéttarfélag	MFA	24
	Tölvunám	Alla félagsmenn	Allan vetur	Ýmsir	15 stundir	Tölvu og veitfr. þj.	Tölvu og veitfr. þj.	52
	Enska	Alla félagsmenn	Þriðjudaga	16:00-17:30	20 stundir	MFA	MFA	38
	Danska	Alla félagsmenn	Fimmtudaga	16:00-17:30	20 stundir	MFA	MFA	38
	Spænska	Alla félagsmenn	Miðvikud. og fimmtud.	16:30-18:00	20 stundir	MFA	MFA	38
	Vefbundið enskunám	Alla félagsmenn				MFA	MFA	
	Starfsþróun/námsráðgjöf - færni mappa	Alla félagsmenn	Allan vetur		1 - 5 klst.	Efling - stéttarfélag	MFA	19 - 20
		Einstaklinga			1 klst.	Efling - stéttarfélag	MFA	
		Hópa			1 - 5 klst.	Efling - stéttarfélag	MFA	
	Ráðgjafanámsk. f. trúnn+vekskj.	Trúnaðarmenn				Efling - stéttarfélag	MFA	

F Félagsleg fræðsla	Trúnn.námsk I	Nýir trúnaðarmenn	7.-11 okt og 3. 7. feb		1 vika	Efling - stéttarfélag	MFA	42 - 44
	Trúnn.námsk II	Trúnaðarm. sem lokið hafa námsk I	18.-22. nóv og 3.-7. mars		1 vika	Efling - stéttarfélag	MFA	42 - 44
	Framhaldsnám trúnaðamanna	Trúnaðarm. sem hafa tekið trúnn.námsk II				Efling - stéttarfélag	MFA	42 - 44
	-Lífsj./Tryggingar		26.11.2002		1 dagur	Efling - stéttarfélag	MFA	42 - 44
	-Bréðaskriftr./greinargerðir (tölvunám)		22.10.2002		1 dagur	Efling - stéttarfélag	MFA	42 - 44
	-Persónuvernd og réttarstæða launamanns		Auglýst síðar		1 dagur	Efling - stéttarfélag	MFA	42 - 44
	-Samskipti/lausn ágreinings					Efling - stéttarfélag	MFA	42 - 44
	Stjálfsyrking	Alla félagsmenn	Auglýst síðar		3 kvöld	Efling - stéttarfélag	MFA	42 - 44
	Stjálfsyrking framhald	Alla félagsmenn	1.3.og8. okt. 5. 7 og 12. nóv		3 kvöld	Efling - stéttarfélag	MFA	42 - 44
	Starfsókanámskeið	Alla félagsmenn	24. 29. og 31. okt		3 kvöld	Efling - stéttarfélag	MFA	42 - 44
			15. 17. og 19. okt. og 5. 7. og 9. nóv.		3 kvöld	Efling - stéttarfélag	MFA	42 - 44
	Undirbúningur, síðorn og virk þátttaka í fundum							

